

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um djammara og ófyllanleg skörð sem fyllast. 17



**MENNING** Manuela Ósk Harðardóttir og Sara Lind Pálsdóttir selja frá sér spjarirnar í Kolaportinu um helgina. 34



**SPORT** Íslensku liðin þrjú komust öll áfram í 2. umferð Evrópudeildar UEFA í gær. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
12. júlí 2013
162. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Úr körfubolta í hátísku

Þegar Bóas Kristjánsson var yngri ætlaði hann að verða körfuboltamaður. Hátísku föt voru fjarri hans huga. Í dag rekur hann hönnunarfyrirtæki.

**FRÉTTIR**

**Eldri borgarar taka til** Fjórutíu manna lið úr félagi eldri borgara í Grafarvogi gekk rösklega til verks við tiltekt í hverfinu í gær 2

**Sagðir hafa látið Sjóvá borga** Karl og Steingrímur Wernerssynir létu Sjóvá borga systur þeirra 600 milljónir af því að Milestone, móðurfélag Sjóvár, réði ekki við greiðslurnar. 4

**Stefna Eir** Tveir íbúðarrétthafar hafa stefnt þrotabúi Eirar og Íbúðalánasjóði og vilja aflétta veðum sjóðsins af eignum þrotabúsins 6




16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | | VSV | 4 |
| Akureyri | 11° | | SV | 5 |
| Egilsstaðir | 13° | | SV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | SV | 7 |
| Reykjavík | 11° | | SV | 9 |

**Kólnar í veðri** Í dag ríkir SV-átt, víða 2-10 m/s en hvassara SA-til. Rigning eða skúrir í flestum landshlutum en úrkomulítið suðaustanlands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Fórnarlamb mannráns með sár eftir svipuhögg á bakinu

Lögregla leitar Stefáns Loga Sívarssonar, sem er grunaður um að hafa svipt mann frelsi sínu, farið með hann til Stokkseyrar og beitt hann hrottalegu ofbeldi. Að minnsta kosti tveir menn sitja í varðhaldi vegna málsins.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar nú dæmds ofbeldismanns, Stefáns Loga Sívarssonar, sem er grunaður um að hafa svipt mann frelsi sínu í höfuðborginni fyrir nokkrum dögum, ekið með hann til Stokkseyrar, haldið honum þar föngnum í um sólarhring og beitt hann hrottalegu ofbeldi.

Lýsingarnar á ofbeldinu eru mjög grófar, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Meðal annars mun þolandinn vera með áverka eftir svipuhögg á bakinu. Rótin að árásinni er sögð vera persónulegar deilur Stefáns við þolandann.

Að minnsta kosti tveir menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins í fyrradag.

Annar þeirra er grunaður um að hafa tekið þátt í tveimur frelsissviptingum, þeirri á Stokkseyri og annarri á höfuðborgarsvæðinu, sem stóð skemur. Sá maður er 21 árs og er með fjölda dóma á bakinu, meðal annars fyrir ofbeldisfull rán.

Hinn er húsráðandinn á Stokkseyri, þar sem manninum var haldið föngnum. Sá leysti þolandann á endanum úr prísundinni og kom honum í strætisvagn.

Lögregla staðfestir aðeins málið sé í rannsókn. Ekki fékkst staðfest hvort umfangsmikil leit lögreglunnar í Árnessýslu í gær tengdist mannránsmálinu. Hæstiréttur tekur ákvörðun um gæsluvarðhaldsvist mannanna í dag. - sh

## Hóf brotaferilinn ellefu ára

Stefán Logi Sívarsson á langan brotaferil að baki, sem hófst þegar hann var 11 ára gamall þegar hann réðst á móður á tombólu ásamt eldri bróður sínum.

Bræðurnir fengu síðar viðurnefnið Skeljagrandabræður í umfjöllun fjölmiðla um ofbeldisverk þeirra, eftir að þeir voru handteknir fyrir að misþyrma manni á heimili sínu að Skeljagranda. Fyrir það fékk Stefán tveggja ára fangelsi árið 2002. Hann fékk svo þriggja ára fangelsisdóm fyrir annað ofbeldisbrot fáum árum síðar.

Hann er með fleiri dóma á bakinu og komst síðast í fréttir þegar Hæstiréttur sýknaði hann af ákæru um nauðgun, sem héraðsdómur hafði áður dæmt hann í fimm ára fangelsi fyrir.





NORDICPHOTOS/AFP

**SÖGULEGT STIG** Margrét Lára Viðarsdóttir var hetja íslenska kvennalandsliðsins sem gerði 1-1 jafntefli við Noreg á EM í Svíþjóð í gær. Þar með var fyrsta stig íslensks A-landsliðs í stórmóti í knattspyrnu tryggt sem og gott veganesti fyrir næstu leiki Íslands, sem mætir næst Evrópumeisturum Þýskalands á sunnudagskvöld. - sjá síðu 30.

Saka borgina um svik:

## Tugmilljónir í ónýtta hönnun

**FRAMKVÆMDIR** „Það er verið að beita okkur ranglæti," segir Egill Guðmundsson hjá arkitektastofunni ARKÍS sem telur Reykjavíkurborg brjóta samning frá 2008 um að Arkís skyldi fullhanna grunnskóla í Úlfarsárdal. Efnt verður til samkeppni um hönnun skólans.



EGILL GUÐMUNDSSON

Borgin hefur greitt Arkís tugi milljóna fyrir hönnun sem ekki verður nýtt. „Þessir arkitektar telja að þeir eigi að fá að teikna þetta allt án samkeppni eða útboðs. Þeir hafa fengið töluvert mikið borgað," segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. Hann segir forsendur hafa breyst. - js sjá síðu 10.






Stjórnarandstaðan segist ekki sjá hvernig á að skera meira niður:

# „Endar með að þeir taka lán"

**RÍKISFJÁRMÁL** Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar hefur meðal annars umboð til að leggja til fækkun ríkisstarfsmanna, eins og fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Slíkri hagræðingu má meðal annars ná fram með kerfisbreytingum eins og sameiningum eða niðurlagningu stofnana.

Þessi áform koma fyrrverandi ráðherrum úr ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur einkennilega fyrir sjónir.

„Þetta er sannarlega ekki létt verkefni, eins og allir þekkja sem hafa staðið í þessu," segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. „En mér finnst nú búið að setja þetta allt saman í ansi skrítið samhengi þegar menn eru að tala um að heilbrigðiskerfið sé að þrotum komið en um leið er verið að gefa frá sér tekjur."



SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON



ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR



Oddný G. Harðardóttir, fyrrverandi fjármálaráðherra, tekur í sama streng. Hún segir vissulega hægt að klípa áfram af útgjöldunum hér og þar, „en ég veit ekki hvar þeir ætla að taka stóru tölurnar. Ég tala nú ekki um nú þegar þeir eru búnir að afsala sér tekjum upp á tíu milljarða. Þetta hlýtur að enda með því að þeir taka bara lán." þþ, gb / sjá síðu 8

> **En mér finnst nú búið að setja þetta allt saman í ansi skrítið samhengi þegar menn eru að tala um að heilbrigðiskerfið sé að þrotum komið en um leið er verið að gefa frá sér tekjur**
>
> *Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna*




## SPURNING DAGSINS



Jón, ertu sprunginn?

**Nei, aldrei. Þetta er fáránleg spurning.**

Bardagaíþróttaklúbburinn Mjölnir er svo vel sóttur að húsnæðið er bókstaflega að springa utan af félaginu. Stækka þarf húsnæðið til þess að anna eftirspurn. Jón Viðar Arnþórsson er bardagakappi og formaður Mjölnis.

Höfundur smáforritsins Strætó sagður í trássi við almenn lög um höfundarrétt:

# Óleyfilegt að nota nafnið Strætó í appi

**SAMFÉLAGSMÁL** Strætó bs. krefst þess að notkun nafnsins Strætó verði hætt á vinsælu smáforriti, sem og notkun rauntímaupplýsinga um strætisvagnaferðir.

„Það er verið að eyða peningum í margra mánaða lögfræðiferli til þess að fá einkarétt á orðinu Strætó í þeim tilgangi að klekkja á fólki sem er að gera þeim greiða," segir Árni Jónsson, höfundur forritsins, sem hefur borist bréf frá lögfræðingum Strætó þar sem fyrrnefndar kröfur eru lagðar fram. „Appið mitt var búið til af náttúruverndarsjónarmiði. Til þess að gera strætóferðir þægilegri og til að fá sem flesta í strætó."

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir vörumerkið vera Strætós. Það var þó ekki skráð fyrr en í janúar á þessu ári, tæpu ári eftir að fyrrnefnt smáforrit Árna kom út. Þetta segir Reynir ekki skipta máli. „Staðreyndin er sú að við teljum okkur eiga tilkall til þessa nafns þó að við séum opinber aðili," segir hann „Hann [Árni] ber fyrir sig að það sé enga skilmála að finna á vefsíðunni okkar. Það eru bara almenn lög um höfundarrétt sem gilda í þessu sambandi." Hann segir það enga afsökun að Árni hafi ef til vill ekki vitað þetta.



REYNIR JÓNSSON



ÁRNI JÓNSSON

➜ Það er engum heimilt að stela upplýsingastreymi annars, eða nota það án samþykkis ... Þetta bara má ekki.

„Það er engum heimilt að stela upplýsingastreymi annars aðila, eða nota það án samþykkis viðkomandi. Þetta bara má ekki."

- hva/nej



**HEPPINN LESANDI** Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, afhendir Guðnýju Pálsdóttur vöruhönnuði iPad að gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Vinningshafi var dreginn út íFacebook-leik Fréttablaðsins:

# Vöruhönnuður hlaut iPad að gjöf

**FJÖLMIÐLAR Guðný Pálsdóttir, vinningshafi Facebook-leiks Fréttablaðsins, er ein af þeim rúmlega tíu þúsund manns sem líkar við Facebook-síðu Fréttablaðsins.**

**Guðný var dregin úr pottinum og hlaut fyrir vikið iPad að gjöf. Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, afhenti Guðnýju gripinn í gær.**

**Guðný var að vonum ánægð með vinninginn. „Ég er nýútskrifaður vöruhönnuður þannig að iPad-inn mun nýtast mér vel. Ég hef heldur aldrei átt iPad áður svo að ég er spennt að prófa," útskýrir Guðný.**

- ósk

Fundur Sigmundar og Moe:

# Býst við að olía finnist á Íslandi

**IÐNAÐUR** Forsætisráðherra Íslands, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, og Ola Borten Moe, olíumálaráðherra Noregs, funduðu í fyrradag um uppbyggingu olíuiðnaðar hér á landi. Þjóðirnar hafa þegar gert með sér formlegt samkomulag um olíuleit á Drekasvæðinu og íslenska hluta Jan Mayen-svæðisins. Sigmundur segir ekki spurningu hvort heldur hvenær olía finnist. Vinna að stofnun ríkisolíufélags er langt komin samkvæmt forsætisráðherra. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega fjallað um olíu og gas í íslenskri lögsögu.

- kk

Tekinn með rafstuðsbyssu:

# Í haldi vegna rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem handtekinn var með rafstuðsbyssu í sínum fórum í síðustu viku var úrskurðaður í gæsluvarðhald þessa viku vegna rannsóknarhagsmuna.

Í bíl mannsins fannst þýfi sem er talið vera úr innbroti og innihald veskis sem hafði verið stolið. Þá leikur grunur á að maðurinn hafi verið undir áhrifum fíkniefna undir stýri.

Lögregla fór fram á gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði manninn í varðhald fram á föstudag, og Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu.

- bj

# Syngja áður en þau taka til í hverfinu

Korpúlfar, félag eldri borgara í Grafarvogi, hóf hreinsunarátak í gær. Það léttir þeim hreinsunarverkin að hafa nikkuna með en félagsskapurinn syngur við minnsta tækifæri. Úlfarnir hirtu 130 kíló í gær áður en þeir slógu upp veislu.

**MANNLÍF** Vegfarendur í Grafarvogi ráku eflaust upp stór augu í gær þegar þeir sáu eldri borgara í rigningunni á víð og dreif um hverfið með tangir eða hanska að tína rusl. Þetta voru hinir svokölluðu Korpúlfar, sem er félag eldri borgara í Grafarvogi, en sá félagsskapur virðist ekki kunna að sitja auðum höndum. Þeir ýttu tiltektarverkefni sínu úr vör í gær og að sögn Birnu Róbertsdóttur, sem starfar í þjónustumiðstöðinni Miðgarði og er tengiliður félagsins við Reykjavíkurborg, lágu félagsmenn ekki á liði sínu því fjörutíu félagar mættu í tiltektina.

Einn þeirra var Jóhann Helgason, sem á ekki erfitt með að fara út í rigninguna í morgunsárið að tína rusl. „Nei, þetta var leikur einn. Við byrjuðum á því að hittast í Gufunesbæ og þar fengum við nýsteiktar kleinur," segir hann. „Við erum með kór svo okkur varð ekki skotaskuld úr því að taka lagið og svo brettum við upp ermar og tókum til hendinni."

Jóhann er frá Húsavík og var iðinn við að spila á sveitaböllum á sínum yngri árum. „Svo lét ég þetta eiginlega alveg eiga sig þar til ég byrjaði í Korpúlfum fyrir þremur árum," segir hann. Nú stjórnar hann kórnum og leikur sjálfur á nikkuna og þarf ekki stór tilefni til því söngástríðan er mikil meðal úlfanna.

Korpúlfurinn Nikulás Friðrik Magnússon fer fyrir verkefninu sem kallað er Fegrum Grafarvog en það fékk styrk frá Reykjavíkurborg. Nikulás Friðrik fór einnig með sorpið til Sorpu og lét vigta það í leiðinni. Korpúlfarnir tíndu ein 130 kíló, sem hlýtur að teljast ágætis morgunverk. Ekki þarf að því að spyrja að eftir rusltínsluna var slegið upp grillveislu og Jóhann tók svo upp nikkuna á nýjan leik meðan kórinn söng. Jóhann hefur einnig fengið hirðskáld félagsins, Guðmund Guðmundsson, til að setja saman kvæði við Korpúlfasöng sem nú er leikinn á hverjum fundi. Jóhann segir að alla daga vikunar sé eitthvað við að vera hjá Korpúlfum og henni Birnu í Miðgarði og oftast kemur tónlistin þar eitthvað við sögu.

„Í okkar félagsskap eru margir rétt undir níræðu en rétt eins og unglingar," segir Jóhann. „Ég er viss um að þetta starf á sinn þátt í því að þessari heilsu og lífsþorsta sé fyrir að fara." Það er því engin hætta á því að Korpúlfar verði verkefnalausir þegar Grafarvogur verður orðinn skínandi hreinn.

jse@frettabladid.is



**KORPÚLFAR** við tiltektina Jóhann Helgason, Guðrún Ísleifsdóttir, Jakob Þórhallsson og Ragnar Benediktsson eru hér að tína rusl. Jóhann segir þau ekki hætta fyrr en Grafarvogur er orðinn hreinasta hverfið í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Við erum með kór svo okkur varð ekki skotaskuld úr því að taka lagið og svo brettum við upp ermar og tókum til hendinni**

*Jóhann Helgason, kórstjóri Korpúlfa og harmonikkuleikari*






Tillaga um riftun samnings í kjölfar meints kynferðisáreits féll á jöfnu:

# Bæjarstjóri vill vægari úrræði

**KÓPAVOGUR** Samningi Kópavogsbæjar við akstursþjónustuna Smartbíla verður ekki sagt upp eins og minnihlutinn í bæjarráði lagði til.

Minnihlutinn vildi að samningnum yrði rift eftir að í ljós kom að lögregla rannsakar mál eins bílstjóra Smartbíla sem sakaður er um kynferðislega áreitni gagnvart konu sem hann ók fyrir ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi. Félagsmálaráð bæjarins hafði gert alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð Smartbíla við tilkynningu um meint brot bílstjórans. Ráðið tók ekki afstöðu til uppsagnar samningsins en krafðist þess að síritar yrðu settir í alla bílana til að bæta öryggi farþeganna.

Tveir bæjarfulltrúar greiddu atkvæði með uppsögn samningsins en tveir voru á móti og einn sat hjá. Tillagan féll því á jöfnum atkvæðum. „Vekur það furðu fulltrúa Samfylkingar, VG og Næstbesta flokksins sem að meirihlutinn ætli sér að halda áfram að kaupa þjónustu af fyrirtæki þar sem svo alvarlegur trúnaðarbrestur hefur orðið," bókuðu Pétur Ólafsson, Arnþór Sigurðsson og Hjálmar Hjálmarsson, sem sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi án atkvæðisréttar.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri úr Sjálfstæðisflokki, og Una Björg Einarsdóttir af Kópavogslistanum sögðu það ganga gegn grundvallarsjónarmiðum um meðalhóf að segja upp samningi við Smartbíla að óreyndum vægari úrræðum. „Uppsögn samnings er þrautalending reynist önnur úrræði ekki tæk," bókuðu Ármann og Una.

- gar



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON** Gegn grundvallarsjónarmiðum um meðalhóf að segja upp samningi við Smartbíla að óreyndum vægari úrræðum, segir bæjarstjórinn.


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR 12.07-17.07
SUMAR ÚTSALA
20-60%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!
FRÁBÆRT VERÐ
SÓLSTÓLL
5.995
BRESCIA SÓLSTÓLL
Traustur og nýtísku- legur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Hægt að leggjastólinn alveg saman. Er með færanlegum hnakkapúða. Litir: Svart, rautt og blátt.
KAUPTU 3 OG SPARAÐU 22%
1 PAR
299
NEON BARNASOKKAR
Fáanlegir í nokkrum stærðum og litum.
Stærðir: 23-37. 1 par 299 3 pör 695
VIKUDAGASOKKAR
1.695
7 PÖR
VIKUDAGASOKKAR
Flottir sokkar fyrir stelpur og stráka merktir með öllum vikudögunum.
Price Star
OKKAR BESTA VERÐ
VERÐ FRÁ:
990
PRICE STAR RUSLAFATA
Stílhrein ruslafata úr burstuðu áli.
3 lítra 990 5 lítra 1.995 12 lítra 2.995
FULLT VERÐ: 695
499
28% AFSLÁTTUR
SÓLGLERAUGU
Mikið úrval af sólgleraugum.
GORDES SKÓR
695
GORDES SKÓR
Fínir skór fyrir sumarið!
Stærðir: 36-41.
KOMNIR AFTUR!
VERÐ AÐEINS:
1.695
ASADI PLASTKLOSSAR
Flottir plastklossar með PHYLON sóla. Stærðir: 37-41. Litur: Svartur.
BÍLSESSA
2.495
BÍLSESSA
Góð bílsessa fáanleg í nokkrum litum. Fyrir 15 - 36 kg.
WINDOWS
5482400
STRIMLAGLUGGATJÖLD
30% AFSLÁTTUR
NÚ VERÐ FRÁ:
3.495
ANN STRIMLAGLUGGATJÖLD
Hægt að stytta sídd og breidd. Efni: 100% polyester.
Litur: Ivory. Stærðir:
100 x 250 sm. 4.995 nú 3.495
150 x 250 sm. 6.995 nú 4.895 200 x 250 sm.
8.995 nú 6.295 250 x 250 sm. 10.950 nú 7.665
300 x 250 sm.12.950 nú 9.065
NÚ VERÐ FRÁ:
225
25% AFSLÁTTUR
AMIRA PÚÐAVER
Margir litir fáanlegir. 2 stærðir:
40 x 40 sm. 299 nú 225
50 x 50 sm. 399 nú 299
FULLT VERÐ: 1.995
1.595
25% AFSLÁTTUR
25 LÍTRA PLASTKASSI
Stærð: 46 x 35 x 27 sm.
RIVALDI SKYRTUR
Nokkrir mismunandi litir fáanlegir. Stutt- og síðerma- skyrtur. Nokkrar stærðir.
Stuttermaskyrta
2.495 nú 1.869
Síðermaskyrta
2.995 nú 2.245
NÚ VERÐ FRÁ:
1.869
25% AFSLÁTTUR
WellPur
PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI
ALLT AÐ 33% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 2.995
1.995
FULLT VERÐ: 2.495
1.995
MOUNT RUSHMORE HEILSUKODDI
Góður alhliða heilsukoddi með þrýstijafnandi eiginleika. Mjúkt og gott áklæði. Poki fylgir. Tilvalinn í ferðalagið.
Stærð: 24 x 42 x 13 sm.
NIAGARA HEILSUKODDI
Góður heilsukoddi á frábæru verði! Tilvalinn í ferðalagið.
Stærð: 33 x 33 x 8 sm.
FULLT VERÐ: 3.995
2.995
SPARIÐ 1000
FREYA SUMARSÆNG
Létt og þægileg sæng með 700 gr. polyester fíberfyllingu.
Áklæði: Polyester og bómull. Stærð 140 x 200 sm.

## SVONA ERUM VIÐ



**262** **bækur voru þýddar úr ensku á íslensku árið 2010.**

**Eflaust kemur það engum á óvart að flestar erlendar bækur eru þýddar úr ensku. En færri vita hvaða tungumál kemur í öðru sæti.**

Fyrir áratug deildu danska og sænska öðru sætinu en Svíar höfðu tekið fram úr árið 2010. Þá voru 47 bækur þýddar úr sænsku en einungis tíu úr dönsku.

Þrjár konur sem Egill Einarsson kærði fyrir rangar sakargiftir ekki ákærðar:

# Mál gegn konunum fellt niður

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt niður mál þriggja ungra kvenna sem Egill Einarsson kærði fyrir rangar sakargiftir. Ein kvennanna sakaði Egil um að hafa nauðgað sér og tvær vinkonur hennar báru vitni gegn honum.

Ríkissaksóknari felldi nauðgunarmálið niður og í kjölfarið kærði Egill stúlkurnar þrjár fyrir rangar sakargiftir.

Lögregla felldi það mál niður, en fékk í kjölfarið skipun frá ríkissaksóknara um að rannsaka málið betur. Það var gert og málið síðan sent ríkissaksóknara til ákærumeðferðar.

Á þriðjudag felldi ríkissaksóknari málið svo formlega niður. Bréf þess efnis barst verjendum kvennanna þriggja í gær. Þar kemur fram að saksóknari telji að það sem fram er komið sé ekki líklegt til sakfellingar.

„Þetta er bara eins og við var að búast,“ segir Guðjón Ólafur Jónsson, lögmaður konunnar sem kærði Egil fyrir nauðgun. **- sh**



**EGILL EINARSSON** Taldi gróflega að sér vegið þegar hann var kærður fyrir nauðgun.

Dómar fyrir fjöldamorð:

# Tugir búddista fá dóm í Búrma

**BÚRMA, AP** 25 búddistar voru í gær dæmdir til fimmtán ára fangavistar fyrir fjöldamorð og fleiri brot sem framin voru í óeirðum í bænum Meikhtila dagana 20. og 21. mars á þessu ári.

Til þessa höfðu aðeins múslimar hlotið dóma fyrir sinn hlut í óeirðunum. Dómskerfið í Búrma sætir áfram gagnrýni fyrir að mismuna hinum brotlegu, því daginn áður hlaut múslimi ævilangt fangelsi fyrir að myrða einn hinna 43 sem létu lífið í átökunum. **- gb**



**GAMALDAGS** Svona tæki vilja rússneskir leyniþjónustumenn nýta sér á ný. NORDICPHOTOS/AFP

Kreml bregst við njósnum:

# Hafa pantað sér gamlar ritvélar

Rússland, AP Áttu gamla ritvél einhvers staðar í fórum þínum? Hringdu þá til Kreml. Þar er eftirspurn.

Rússneska leyniþjónustustofnunin FSO, ein af arftökum hinnar alræmdu KGB, hefur auglýst eftir tuttugu ritvélum og vill borga rúmlega 90 þúsund krónur fyrir stykkið.

Rússneska dagblaðið Izvestia skýrir frá þessu og segir að FSO telji nauðsynlegt að taka ritvélar í notkun á ný, nú þegar ljóstrað hefur verið upp um stórfelldar fjarskiptanjósnir Bandaríkjanna. **- gb**

## DÓMSMÁL

### Fundnir sekir um þjófnað

Tveir ungir menn voru í gær dæmdir sekir fyrir þjófnað í Héraðsdómi Suðurlands. Höfðu þeir brotist inn í sumarhús í Grímsnes- og Grafningshreppi með því að brjóta rúðu í þvottahúsurð og stálu þar þremur fartölvum. Var annar þeirra dæmdur til níu mánaða fangelsisvistar en hinum var ekki gerð sérstök refsing þar sem hann sætti þegar refsingu fyrir óskylt brot.

# Tóku lán hjá Sjóvá til að borga Ingunni

Wernersbræður og Guðmundur Ólason létu Sjóvá borga Ingunni Wernersdóttur 600 milljónir þegar Milestone lenti í erfiðleikum. Allar arðgreiðslur úr Milestone runnu til bræðranna þótt þeir hafi ekkert fé lagt til kaupanna á hlut Ingunnar.



**KARL WERNERSSON**



**STEINGRÍMUR WERNERSSON**



**GUÐMUNDUR ÓLASON**

**DÓMSMÁL** Karl og Steingrímur Wernerssynir, í félagi við Guðmund Ólason, forstjóra Milestone, létu tryggingafélagið Sjóvá borga Ingunni Wernersdóttur, systur þeirra, 600 milljónir árið 2006 af því að Milestone, móðurfélag Sjóvár, réð ekki við að inna greiðslunar af hendi. Í staðinn eignaðist Sjóvá kröfu á Milestone.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í ákæru sérstaks á hendur þremenningunum fyrir umboðssvik og brot á lögum um bókhald og ársreikninga. Þrír endurskoðendur hjá KPMG eru jafnframt ákærðir í málinu.

Ákæran var birt sexmenningunum á mánudaginn og greint var frá henni í Fréttablaðinu á þriðjudag. Þar kom fram að hún snerist um það þegar Karl, Steingrímur og Guðmundur ákváðu að kaupa Ingunni út úr Milestone fyrir rúma 4,8 milljarða árin 2006 og 2007, með peningum frá Milestone sem voru lagðir inn á hana mánaðarlega árin tvö.

Ákæran er 29 blaðsíður og var gerð opinber í gær. Í henni kemur meðal annars fram að þegar leið á árið 2006 hafi Milestone átt „í nokkrum erfiðleikum með að fjármagna greiðslur til Ingunnar samkvæmt greiðsluáætluninni“.

Þá hafi verið brugðið á það ráð að semja við Ingunni um að fresta fjórum 150 milljóna greiðslum, frá september til desember 2006, en að hún fengi í staðinn 600 milljóna kröfu á Sjóvá.

„Látið var líta svo út að Sjóvá hefði tekið víkjandi lán hjá Ingunni, sem Sjóvá skyldi endurgreiða Ingunni með vöxtum. Ingunn greiddi Sjóvá hins vegar aldrei lánsfjárhæðina en þess í stað var færð í bókhaldi Sjóvár krafa á hendur Milestone án þess að skriflegir samningar lægju fyrir um þá kröfu.“

> **Látið var líta svo út að Sjóvá hefði tekið víkjandi lán hjá Ingunni, sem Sjóvá skyldi endurgreiða Ingunni með vöxtum.**
>
> *Úr ákæru sérstaks saksóknara*

Í ákærunni er jafnframt sérstaklega fjallað um það að allar arðgreiðslur út úr Milestone vegna áranna 2005 og 2006, og 98,4 prósent af arðgreiðslum ársins 2007, hafi runnið til Karls og Steingríms þótt þeir hafi ekki lagt neitt fé til kaupa á hlutum Ingunnar. Alls námu arðgreiðslurnar milljarði króna.

Ákæran verður þingfest í september.

stigur@frettabladid.is

## Endurskoðendurnir áfram við störf

Endurskoðendurnir þrír sem eru ákærðir verða áfram við störf á meðan málið er fyrir dómstólum, að sögn Jóns S. Helgasonar, framkvæmdastjóra KPMG. „Ákæran kemur okkur á óvart,“ segir hann. „Annars er bara að bíða og sjá hverjar lyktir málsins verða fyrir dómi.“

Sérstakur saksóknari fer í ákærunni fram á að endurskoðendurnir þrír, Hrafnhildur Fanngeirsdóttir, Margrét Guðjónsdóttir og Sigurþór Charles Guðmundsson, verði sviptir réttindum sínum sem löggiltir endurskoðendur.

Í ákærunni segir að endurskoðendunum hafi mátt vera ljósir margir alvarlegir áhættuþættir við endurskoðun Milestone, „svo sem að stærsti hluthafi félagsins, þ.e. ákærði Karl, væri starfandi stjórnarformaður félagsins. Hann væri mjög „dominerandi“ og allar stærri ákvarðanir færu í gegnum hann“. Því hafi þeir átt að einbeita sér að mögulegri sviksemi sem tengdist ársreikningum félagsins.

„Þrátt fyrir þessa áhættuþætti kusu ákærðu að byggja endurskoðunina að þessu leyti eingöngu á munnlegum upplýsingum eigenda og stjórnenda Milestone,“ segir í ákærunni.

Mikill viðbúnaður að óþörfu:

# Flugeldar taldir vera neyðarblys

**LANDHELGISGÆSLAN** Mikill viðbúnaður fór í gang þegar Landhelgisgæslunni barst tilkynning um að tveimur neyðarblysum hefði verið skotið upp í grennd við Sandgerði. Þyrla Landhelgisgæslunnar kannaði svæðið en fljótlega kom í ljós að ekki var um alvarlegt ástand að ræða. Sáu gæslumenn til manna skjóta síðara blysinu upp á jörðu niðri. **- gb**



**FERÐAST** Þeir ferðamenn sem héldu sig við höfuðborgarsvæðið og nágrenni hafa eflaust þurft á regnfötunum að halda í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

90 þúsund ferðamenn í júní:

# Um 21% fleiri en í júní í fyrra

**FERÐAMÁL** Um 90 þúsund erlendir ferðamenn komu til landsins í júní samkvæmt talningu Ferðamálastofu í Leifsstöð. Þetta er tæplega 21 prósents aukning frá júní í fyrra þegar þeir voru tæplega 75 þúsund talsins.

Bandaríkjamenn voru stærsti hópurinn, en fimmti hver erlendi ferðamaður sem kom til Íslands í júní var frá Bandaríkjunum. Tæp 14 prósent komu frá Þýskalandi og tæp átta prósent frá Bretlandi samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu.

Á fyrri helmingi ársins komu því rúmlega 311 þúsund ferðamenn til landsins, litlu færri en landsmenn allir. **- bj**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Yfirleitt hægur vindur eða hafgola.




**Sunnudagur**
3-8 m/s.

**TÍÐINDALÍTIÐ** Veðrið næstu daga einkennist af hægum vindi og lítilsháttar vætu. Í dag má búast við rigningu eða skúrum í flestum landshlutum en það verður úrkomulítið suðaustanlands. Það kólnar heldur í veðri en áfram verður hlýjast A-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Berlín | 24° | Friedrichshafen | 24° | Las Palmas | 26° | New York | 24° | París | 25° |
| Aþena | 33° | Billund | 23° | Gautaborg | 21° | London | 24° | Orlando | 32° | San Francisco | 19° |
| Basel | 29° | Frankfurt | 24° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 31° | Ósló | 25° | Stokkhólmur | 23° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


-10 kr.
af eldsneytislítranum á öllum stöðvum Olís og ÓB í dag!
Gildir með ÓB-lyklinum, Staðgreiðslu-, Hópa- og Tvennukorti.
olís
Vinur við veginn
ÆVINTÝRAGLEÐI
hjá Olís Norðlingaholti
í dag kl. 13–16
Færð þú ... ... gjafabréf á Quiznos í dag?
Færð þú ... GRILL 66 ... gjafabréf á Grill 66 í dag?
Færð þú ... ... fría eldsneytis-úttekt í dag?
TJÚLLUM OG TJEI
Bylgjan og Olís á Flúðum
á morgun, 13. júlí
BYLGJAN 989
olís
Óvæntir glaðningar, súpertilboð og Bylgjan í beinni!
Heppnir viðskiptavinir geta unnið **eldsneytisúttekt, gjafabréf á Quiznos** eða **gjafabréf á Grill 66**. Auk þess verða ýmis tilboð í gangi og **Bylgjan** verður með **beina útsendingu** frá stöðinni.
**Athugið, aðeins hjá Olís Norðlingaholti milli kl. 13–16, föstudaginn 12. júlí.**
**Á morgun milli kl. 13–16 verða svo Bylgjan og Olís á Flúðum.**
**Komdu við, taktu þátt í fjörinu og mundu eftir að fá stimpil í Ævintýraeyjukortið.**
**GÓÐA SKEMMTUN!**
olís
ÆVINTÝRA-EYJAN
Laufléttur stimpilleikur
Tré í þínu nafni!
Fyrir hvert fullstimplað kort sem skilað er ætlum við að gróðursetja eitt tré.
Taktu grænu skrefin með Olís.
Safnaðu stimplum í Ævintýrakortið!
Þú gætir unnið **fjölskylduferð til New York** með Icelandair, flug og gisting fyrir 4 að verðmæti 600.000 kr.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Við hvað ætlar fráfarandi skólastjóri Melaskóla, Björn Pétursson, að starfa í haust?
**2.** Hversu margar af 56 verslunum merkja allar efnavörur rétt?
**3.** Hvar á að fella skóg fyrir snjóflóðavarnargarð?

**SVÖR:**
**1.** Hann ætlar að verða skólaliði. **2.** Fimm.
**3.** Við Skutulsfjörð.

Stangveiðimenn ósammála fiskeldismönnum og þrýsta á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

# Telja fleiri fiskeldisstöðvar skaða orðstírinn

**ATVINNUMÁL** „Við lögðum til að sett yrði á laggirnar starfsnefnd sem hefði það verkefni að reyna að leysa þann hnút sem nokkrar fiskeldisstöðvar eru í,“ segir Guðbergur Rúnarsson, formaður Landssambands fiskeldisstöðva, eftir fund með Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í gær.

Þar á Guðbergur við vanda þeirra fyrirtækja sem hafa sótt um leyfi fyrir stækkunum, en leyfisumsóknirnar eru fastar í kerfinu. Sama kerfi og Sigurður Ingi sagðist ætla að bylta, í Fréttablaðinu í gær.

„Það er svo mikið að gera hjá þessum úrskurðarnefndum þannig að ef málum er vísað þangað kostar það bara tveggja ára bið,“ segir Guðbergur.

Ekki voru allir sáttir við áform ráðherrans um að liðka til í þessu kerfi. Honum bárust bréf frá Orra Vigfússyni, formanni Verndarsjóðs villtra laxastofna, þar sem mælst var til þess að ekki yrðu veitt fleiri leyfi fyrir fiskeldi í sjó þar til Íslendingar byggju yfir nægilegri þekkingu í þessum efnum.

„Fiskeldið getur eyðilagt orðstír okkar Íslendinga. Við erum þekktir fyrir hreina og óspillta náttúru og getum þar af leiðandi selt fisk á tuttugu prósent hærra verði en aðrir. Viljum við fórna því?“ spyr Orri.

Eins barst ráðherra bréf frá Landssambandi veiðifélaga sem óskaði eftir fundi til að fara yfir málin. - jse



**FISKELDI Á VESTFJÖRÐUM** Landssamband veiðifélaga og formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna biðja ráðherra að gjalda varhug við stækkunum í fiskeldi. MYND/FJARÐARLAX



**NORÐURSKAUTIÐ** Eitt fárra svæða jarðarinnar sem enn er án netsambands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norðmenn bregðast við:

## Vilja netvæða norðurskautið

**NOREGUR, AP** Norska símafyrirtækið Telenor Satellite Broadcasting hefur tekið höndum saman við Norsku geimrannsóknastöðina um að kanna hagkvæmni þess að koma á netsambandi á norðurskautinu.

Bo Andersen, yfirmaður Norsku geimrannsóknarstöðvarinnar, segir í viðtali við AP-fréttastofuna að netsamband gæti komist þar á snemma á næsta áratug, fáist til þess fjármagn bæði frá einkaaðilum og opinberum stofnunum.

Talið er að kostnaðurinn við að koma á loft nýjum gervihnöttum sem geta annað svæðinu verði milli fjórutíu og áttatíu milljarðar íslenskra króna. - gb

Upplýsingar öryggislögreglu:

## Stunda njósnir í Finnlandi

**FINNLAND** Upplýsingar finnsku öryggislögreglunnar benda til að njósnir erlendra aðila hafi aukist í Finnlandi undanfarin ár.

Á vef Hufvudstadsbladet er vitnað í skýrslu rannsóknarstofnunar þar sem kemur fram að það séu aðallega diplómatar sem stundi njósnirnar. Þeim hafi verið vísað úr landi vegna gruns um njósnir.

Finnska varnarmálaráðuneytið telur líklegra að Kínverjar stundi nú njósnir í Finnlandi heldur en Rússar. - ibs

# Vilja aflétta veðum ÍLS af íbúðum Eirar

Tveir íbúðarrétthafar hafa stefnt þrotabúi Eirar og Íbúðalánasjóði og vilja aflétta veðum sjóðsins af eignum þrotabúsins. Getur skipt gríðarmiklu máli fyrir alla rétthafa, segir lögmaður. Tekist er á um 1,9 milljarða veðkröfu Íbúðalánasjóðs.

**DÓMSMÁL** Tveir kröfuhafar sem ekki hafa fengið fé sem þeir lögðu í íbúðarrétt hjá hjúkrunarheimilinu Eir hafa kært niðurstöðu Sýslumannsins í Reykjavík til að freista þess að fá aflétt veðskuldabréfum Íbúðalánasjóðs (ÍLS) af fasteignum Eirar. Sýslumaður hafnaði því að aflétta veðskuldabréfunum.

Málið verður þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

„Það gæti verið ef þessar íbúðir reynast ekki meira virði en veðskuld Íbúðalánasjóðs að það verði ekkert eftir í búi Eirar til að greiða íbúðarréttarhöfunum,“ segir Sigríður Kristinsdóttir, lögmaður íbúðarréttarhafanna.

Rétthafarnir, sem nú hafa höfðað mál, telja að Eir hafi ekki staðið rétt að því að veðsetja eignirnar. Samkvæmt lögum hafi stjórnendum Eirar borið að fá leyfi fyrir veðsetningunni hjá sýslumanni. Það hafi ekki verið gert, og því beri sýslumanni að aflétta veðsetningunni, enda ólöglega til hennar stofnað.

Íbúðalánasjóður lánaði Eir um 1,9 milljarða króna á árunum 2007 til 2010 til byggingar á 120 íbúðum í fjórum húsum og tók á móti veð í húsunum. Miklu skiptir fyrir íbúðarrétthafa hvort Íbúðalánasjóður teljist veðhafi eða almennur kröfuhafi Eirar vegna þessara skulda. Raunar á eftir að takast á um það hvort íbúðarrétthafar teljist almennir kröfuhafar eða hvort þeir eigi veðkröfu.

Veðkröfur eru tryggðar með veði í eignum og eru þær fyrst greiddar af andvirði eignanna, þannig að hugsanlegt er að veðið dugi ekki nema fyrir veðkröfum og þá kemur ekkert til greiðslu almennra krafna. Staðfesti dómstólar þá niðurstöðu Sýslumannsins í Reykjavík að Íbúðalánasjóður eigi veðrétt fær hann hugsanlega greitt á undan íbúum sem lögðu margir hverjir ævisparnaðinn í íbúðirnar á Eir.

Sigríður á von á því að málið verði afgreitt hratt fyrir dómstólum. Dómstóllinn hefur þrjár vikur til að komast að niðurstöðu frá því málið er þingfest í dag. Líklegt er að niðurstaðan, hver sem hún verður, fari fyrir Hæstarétt, og segir Sigríður mikilvægt að fá lokaniðurstöðu í málið áður en greiðslustöðvun þrotabús Eirar rennur út þann 9. september næstkomandi.

Íbúðalánasjóður mun taka til varna í málinu. Í yfirlýsingu sem sjóðurinn sendi Fréttablaðinu í gær segir að sjóðnum sé óheimilt að lána án þess að veð komi á móti. Hefði legið fyrir að lánunum yrði ekki þinglýst hefði ekkert orðið úr lánveitingunum, og íbúðirnar því tæpast risið.

Íbúðalánasjóður telur að ákvæði um að ekki megi veðsetja eignir án heimildar frá sýslumanni eigi ekki við þar sem hér sé lánveitingin forsenda fyrir eignamynduninni. Þá sé ljóst að umfangsmikill rekstur leiguíbúða teljist atvinnurekstur, og ákvæðin eigi ekki við í málinu af þeim sökum.

brjann@frettabladid.is



**HAGSMUNIR** Þó aðeins tveir íbúðarrétthafar höfði málið á hendur þrotabúinu og Íbúðalánasjóði eiga allir íbúar sem eiga eitthvað inni hjá Eir hagsmuna að gæta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kirkjum innflytjenda fjölgar:

## Vilja snúa Dönum aftur til kristni

**DANMÖRK** Kirkjur innflytjenda í Danmörku, sem á tuttugu árum hefur fjölgað úr þrjátíu í 240, hafa það markmið að snúa Dönum til kristinnar trúar. Þetta er haft eftir Erik Nielsen, sem er prestur í kirkjunni First International Baptist Church í Kaupmannahöfn.

Í frétt á vef Kristilega Dagblaðsins segir að kirkjan hafi haldið ráðstefnu um hvernig boða eigi fagnaðarerindið meðal Dana.

Innflytjendapresturinn Tony Acheampong er efins um að árangur náist. Danir nenni ekki að verja tíma í að hlusta á eitthvað sem þeir trúa ekki á. Til þess þurfi kraftaverk. Þess vegna biðji hann fyrir Dönum svo þeir fari að trúa á Guð. - ibs

Barnaklám í Svíþjóð:

## Eitt þúsund vefsíðum lokað

**SVÍÞJÓÐ** Fjöldi vefsíðna með barnaklámi sem lokað hefur verið í Svíþjóð fyrir tilstilli lögreglunnar hefur tvöfaldast frá áramótum, úr rúmlega 400 í rúmlega 1.000 síður.

Fyrst og fremst er um að ræða síður þar sem börn á aldrinum þriggja til tólf ára eru í kynferðislegum stellingum og ögrandi fatnaði, að því er segir á vef sænska ríkisútvarpsins.

Í Svíþjóð er slíkt skilgreint sem barnaklám samkvæmt lögum.

Samtök fjármálafyrirtækja í Svíþjóð hafa um árabil unnið að því að stöðva greiðslur til vefsíðna sem dreifa myndum af kynferðisofbeldi gegn börnum. - ibs






20 viðskiptavinir sem skrá sig í Áskorenda-leik Orkunnar vinna sæti í vítaspyrnukeppni gegn David James þar sem keppt er um 100.000 kr. inneignarkort.

www.orkan.is/askorun

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM58579

Bræðralagið hvikar ekki:

## Boðar friðsamleg mótmæli

**EGYPTALAND, AP** Bræðralag múslima stendur fast við kröfu sína um að Múhamad Morsi fái forsetaembættið á ný.

„Við viljum halda áfram friðsamlegu andófi okkar gegn hinu blóðuga valdaráni hersins, sem gert var í andstöðu við stjórnskipunarlegt lögmæti,“ segir í yfirlýsingu frá Bræðralaginu.

Bræðralagið, sem hefur mikið fjöldafylgi í Egyptalandi, hefur neitað að starfa með bráðabirgðastjórninni. - gb

Stjórn Vísindasjóðs Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda ósátt við umsýslu sjóðsins:

# Krefja Kennarasambandið um uppgjör

**FJÁRMÁL** Deila stjórnar Vísindasjóðs Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum við Kennarasamband Íslands, KÍ, um umsýslu sjóðsins sem staðið hefur á þriðja ár er enn í hnút. Stjórnin hefur falið Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmanni að undirbúa kröfu um uppgjör við KÍ.

„Það er ljóst að það á eftir að fara fram fjárhagslegt uppgjör milli stjórnar Vísindasjóðsins og kennarahússins vegna utanumhalds á sjóðnum og viðskilnaðarins við KÍ. Það er ljóst að verið er að halda upplýsingum frá stjórn sjóðsins. Það var reynt að kalla þær fram með dómsmáli í fyrra en kröfu sjóðsins var hafnað,“ segir Lára.



LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR

Í janúar 2011 óskaði stjórn Vísindasjóðs eftir upplýsingum um svokallað aðstöðugjald sem KÍ greiddi sér af bankareikningi sjóðsins. „Þegar í ljós kom að enginn samningur lá fyrir um aðstöðugjaldið vöknuðu fleiri spurningar. Við mættum mikilli tregðu af hálfu KÍ við að láta bókhaldið af hendi en fengum að lokum hluta gagnanna. Meðal þess sem kom í ljós var að tekjur sjóðsins frá ríkinu, rúmar átta milljónir króna á mánuði, voru jafnan færðar af bankareikningi sjóðsins og inn á reikning KÍ þar sem þær lágu jafnvel í nokkrar vikur. Vextir af þeim peningum hafa orðið eftir á reikningi KÍ,“ segja Þórey Hilmarsdóttir, stjórnarformaður Vísindasjóðsins, og Linda Rós Michaelsdóttir stjórnarmaður.

Vísindasjóðurinn hefur nú verið fluttur úr KÍ og er vistaður annars staðar. Að sögn Lindu Rósar og Þóreyjar var það gert til að tryggja sem best hagsmuni félaganna beggja.

„Ríkisendurskoðandi tjáði okkur að við bærum fjárhagslega ábyrgð á sjóðnum og að við yrðum að skoða hlutina.“ - ibs

Sex daga pílagrímsganga:

## Ganga frá Bæ að Skálholti

**TRÚMÁL** Pílagrímsganga félagsins Pílagrímar verður farin á þriðjudaginn í næstu viku. Verður gengið frá Bæ í Borgarfirði að Skálholti.
Er þetta um 120 kílómetra gönguleið sem tekur um sex daga að ganga. Þrír biskupar koma að sérstakra dagskrá í Bæjarkirkju fyrir gönguna, Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson og Kristján Valur Ingólfsson, biskup í Skálholti. Göngustjórar verða séra Elínborg Sturludóttir og með henni séra Flóki Kristinsson. - nej

Fórnarlambanna minnst:

## Hundruð líka sett í nýja gröf

**BOSNÍA, AP** Tugir þúsunda manna komu saman í gær í Bosníu, skammt frá Srebrenica, til að jarðsetja á ný lík 409 fórnarlamba fjöldamorðanna árið 1995.

Minnsta líkið er af nýfæddri stúlku, sem lét lífið þann 11. júlí árið 1995 ásamt föður sínum. Móðir hennar, Hava Muhic, fylgdi í dag til grafar dóttur sinni, sem væri orðin 18 ára hefði hún lifað.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að bera kennsl á líkamsleifar úr fjöldagröfum. - gb











SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Forsætisráðherra segir fækkun stöðugilda hugsaða til lengri tíma.

# Skoðar hvort fækka megi stöðugildum

Í erindisbréfi hagræðingarhópsins er honum meðal annars falið að leggja til fækkun ríkisstarfsmanna. Forsætisráðherra segir þar litið til lengri tíma. Oddný G. Harðardóttir segist ekki sjá að þetta geti endað öðru vísi en með frekari lántökum.

**RÍKISFJÁRMÁL** Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar hefur fengið umboð meðal annars til að leggja til fækkun ríkisstarfsmanna.

Í erindisbréfi hópsins segir að honum sé ætlað að leggja til aðgerðir til að hagræða, forgangsraða og auka skilvirkni í rekstri stofnana ríkisins. Í þeirri vinnu sé nauðsynlegt að fara yfir stóra útgjaldaliði ríkisins, svo sem fjölda stöðugilda, skipulag, rekstur, innkaup og skoða hvort gera megi kerfisbreytingar sem leiði til aukinnar framleiðni og betri nýtingar fjármuna án þess að draga þrótt úr öllu kerfinu.



ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR

„Það getur verið að ríkisstarfsmönnum fækki til langs tíma,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, spurður hvort ekki þurfi að fækka ríkisstarfsmönnum ætli menn að spara myndarlega hjá ríkissjóði. „Þessi hópur á að skoða langtímaáhrifin og reyna að hagræða á þann hátt að þjónusta við almenning verði að minnsta kosti jafngóð áfram og helst betri. Til langs tíma má hugsa sér að með sameiningu stofnana þá fækki ríkisstarfsmönnum en það er ekki gert ráð fyrir verulegum uppsögnum ríkisstarfsmanna enda er hagkerfið viðkvæmt fyrir slíku.“

Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar og fyrrverandi fjármálaráðherra, segir að fækkun stöðugilda geti varla þýtt annað en meira álag á þá sem eftir verða. Ef þessu á að ná fram með sameiningu stofnana, þá hafi það alltaf einhvern kostnað með sér til að byrja með.

„Það er svo sem ekkert óeðlilegt við það að stöðugildin séu skoðuð. Ég var í svona hópi hvert einasta sumar og þá var allt undir,“ segir Oddný. „Hins vegar veit ég ekki hvernig í ósköpunum þeir ætla að fara að þessu. Við vorum búin að fara í gegnum þetta allt saman og eftir fjögur ár í niðurskurði erum við komin ansi nálægt þolmörkum.“

Hún segir vissulega hægt að klípa áfram af útgjöldunum hér og þar, „en ég veit ekki hvar þeir ætla að taka stóru tölurnar. Ég tala nú ekki um nú þegar þeir eru búnir að afsala sér tekjum upp á tíu milljarða. Þetta hlýtur að enda með því að þeir taka bara lán.“

thorbjorn@stod2.is
gudsteinn@frettabladid.is

### Hagræðingarnefndin

- **Ásmundur Einar Daðason**, þingmaður Framsóknarflokks
- **Vigdís Hauksdóttir**, þingmaður Framsóknarflokks
- **Guðlaugur Þór Þórðarson**, þingmaður Sjálfstæðisflokks
- **Unnur Brá Konráðsdóttir**, þingmaður Sjálfstæðisflokks
- **Arnar Þór Másson**, skrifstofustjóri forsætisráðuneytisins
- **Sigurður Helgason**, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Sala skuldabréfa Magma gagnrýnd harðlega af minnihluta borgarráðs:

# Efa vald borgarráðs í OR-máli

**STJÓRNSÝSLA** Borgarráð staðfesti í gær ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um að selja skuldabréf Magma í eigu fyrirtækisins þrátt fyrir harða gagnrýni minnihlutans á söluferlinu.
Tilboð í bréfin, sem hljóðar upp á 8,6 milljarða króna, barst frá sjóði á vegum Landsbréfa en ekki er vitað hver stendur að baki sjóðnum.

Salan var samþykkt með fjórum atkvæðum meirihlutans en þrír fulltrúar minnihlutans greiddu atkvæði á móti. Hafa þeir gagnrýnt söluferlið harðlega en af mismunandi ástæðum.

Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi Vinstri grænna, gagnrýnir þá leynd sem hvílt hefur á ferlinu. Þykir honum því hafa verið haldið frá opinberri umræðu auk þess sem óljóst er hver sé raunverulegur kaupandi bréfanna.



KJARTAN MAGNÚSSON



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir tímasetningu sölunnar þar sem álverð sé í lágmarki. Minnihlutinn í heild sinni efast um að það sé í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að borgarráð taki fullnaðarákvörðun um svo stóran fjármálagerning. Í sveitarstjórnarlögum segir að eingöngu sveitarstjórn geti tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Borgarráð hefur ákveðna heimild til afgreiðslu mála í sumarleyfi sveitarstjórnarinnar en borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ásamt borgarráðsfulltrúum Vinstri grænna hafa leitað eftir áliti innanríkisráðuneytisins á því hvort slík heimild sé án takmarkana. - nej

netto
Kræsingar & kostakjör

# CampinGaz Adelaide grill

*Glæsileg gasgrill á vandaðri grind úr stáli og tekki. Grillin eru með brennara og grillgrind úr pottjárni, sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Grillið sjálft er postulíns emelerað að utan og innan.*



Gasgrill 3ja brennara
**49.998 kr**

## CampinGaz Adelaide 3 brennara

- Mjög öflugt 14 KW = 47.769 BTU
- 3x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x60 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 128x59x109cm
- Þyngd 48kg

Gasgrill 4ja brennara
**59.998 kr**



CampinGaz Grilláhöld 4stk
verð 3.998kr



**Grilláhöld og yfirbreiðsla fylgja með öllum gasgrillum!**

Yfirbreiðslur fyrir grillin einnig fáanlegar, verð 4.998kr.

## CampinGaz Adelaide 4 brennara

- Mjög öflugt 18,7 KW = 63.807 BTU
- 4x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x77 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 144,5x59x109cm
- Þyngd 54kg



Markhönnun



**SÓLKERFIÐ OG HALINN** Á þessari nýbirtu mynd frá NASA sést sólkerfið vinstra megin og halinn mikli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindamenn hjá NASA nú fullvissir:

# Á sólkerfinu er hali

**VÍSINDI, AP** **Á sólkerfinu okkar er hali, rétt eins og á halastjörnum og fleiri fyrirbærum í himingeimnum. Þetta hafa vísindamenn hjá bandarísku geimferðastofnuninni NASA gengið úr skugga um.**

**NASA birti á miðvikudaginn myndir, sem sýna hvernig þessu er háttað. Myndirnar eru byggðar á gögnum frá gervihnettinum IBEX, sem hringsólað hefur umhverfis jörðina síðan 2008.**

**Vísindamenn hafa reyndar lengi talið víst að á sólkerfinu sé hali, en hafa nú fyrst í höndum gögn til að sanna það.** - gb

Gróska í birki á Akureyri:

## Frjókorn langt yfir meðallagi

**AKUREYRI** Aðeins einu sinni hefur mælst meira af frjókornum í loftinu á Akureyri en nú og var það í júlí árið 2005.

Langmest var af birkifrjókornum og síðan grasfræi, þá mældust einnig furufrjókorn en þó ekki yfir meðallagi.

Fram undan er aðalfrjótími grasa og búast má við að hann nái hámarki í lok júlí og byrjun ágúst. - mlþ

Sumarlokanir áhyggjuefni:

## Stórtap á Vogi

**SAMFÉLAGSMÁL** „Vogur er rekinn með 150 milljóna króna halla á ári“, segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, meðferðarstofnun SÁÁ. „Þess vegna þarf að leita sparnaðar og við lokum göngudeildinni í Efstaleiti og meðferðarheimilinu Vík. Aðstandendur áfengis- og vímuefnasjúklinga lýsa áhyggjum af sumarlokunum SÁÁ sem standa til 10. ágúst. Þórarinn segir það beinlínis skyldu stjórnvalda að bregðast við. - ósk

# Tugmilljóna hönnun í súginn hjá borginni

Arkitektastofan ARKÍS sakar Reykjavíkurborg um að svíkja samning um hönnun grunnskóla í Úlfarsárdal. Formaður borgarráðs segir að vegna ákvörðunar um að bæta íþróttahúsi og sundlaug við skólann verði að efna til hönnunarsamkeppni.

**FRAMKVÆMDIR** „Það er verið að beita okkur ranglæti,“ segir Egill Guðmundsson hjá arkitektastofunni ARKÍS vegna meintra samningsbrota af hálfu Reykjavíkurborgar.

Arkís og Reykjavíkurborg sömdu árið 2008 um að Arkís skyldi „fullhanna grunnskóla við Úlfarsbraut í Úlfarsárdal,“ eins og segir í samningnum. Hlé var gert á verkinu eftir hrun en Arkís var kallað aftur til síðla árs 2012. Að sögn Egils er borgin nú að vanefna samninginn. Reykjavíkurborg hafnar því.

„Það var allt tilbúið fyrir aðalútboð, það var búið að hanna lóð og gera yfirlit yfir leiktæki,“ segir Egill. Tugir milljóna króna hafa þegar verið greiddar fyrir verkið.

Á forsíðu Fréttablaðsins 4. desember síðastliðinn sagði að á árinu 2013 yrðu 250 milljónir settar til verkefnisins og efnt til hönnunarsamkeppni. Egill segir þetta fyrstu upplýsingarnar sem Arkís fékk um samkeppnina. „Á engu stigi málsins var samningnum sagt upp né farið í neitt uppgjör,“ segir hann.

Egill segir arkitektastofuna vanhæfa til þátttöku í fyrirhugaðri samkeppni því hann hafi meðal annars tekið þátt í undirbúningshópi um stækkun skólans með sundlaug og íþróttahúsi og verið viðriðinn allan undirbúning fyrir hönnunina frá upphafi. Borgin forðist öll samskipti vegna málsins. „Við erum ítrekað búnir að óska eftir fundum með borginni, án árangurs,“ segir hann.



**EGILL GUÐMUNDSSON** Einn eigenda ARKÍS segir borgina sólunda tíma og fé borgarbúa með því að nota ekki teikningar ARKÍS af Dalskóla í Úlfarsárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, vill ekki tjá sig um hvort og þá hvernig samningurinn við Arkís hafi verið til lykta leiddur. Í ljósi þess að áformað sé að reisa sundlaug, íþróttahús og fleira við skólann þurfi samkvæmt reglum borgarinnar að efna til útboðsins. „Þessir arkitektar telja að þeir eigi að fá að teikna þetta allt saman án samkeppni eða útboðs. Þeir hafa fengið töluvert mikið borgað,“ segir Dagur.

Egill segir að þótt til standi að byggja fleira en aðeins skólann sé borgin samningsbundin við teiknistofuna um hönnun skólans. Dagur segir hins vegar „augljóslega um að ræða allt annað verkefni en áður“ og að ekki verði horfið frá hönnunarsamkeppninni sem borgarráð samþykkti í júní. johannesss@365.is



> **Þessir arkitektar telja að þeir eigi að fá að teikna þetta allt saman án samkeppni eða útboðs**
>
> *Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs.*






Viðskiptaráð segir að ráðrúm sé til hagræðingar:

# Efla þarf háskólastig

**MENNTUN** „Til að tryggja verðmætasköpun og samkeppnishæft vinnuafl til lengri tíma er nauðsynlegt að efla háskólastarf og nýsköpun,“ segir í skoðun Viðskiptaráðs Íslands sem kom út í gær.

Auk þess kemur fram að vegna hagræðingaraðgerða stjórnvalda síðustu fimmtán ár hafi framlög á hvern háskólanemanda dregist saman um 31 prósent á sama tíma og framlög til hvers grunnskólanemanda hafa aukist um 29 prósent.

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi til frekari hagræðingar í menntamálum samkvæmt skoðuninni. Fækka megi námsárum í bæði grunn- og framhaldsskólum, samræma kostnað á hvern nemanda í smærri grunnskólum landsins og endurskoðunar sé þörf á stoðþjónustu innan grunnskólakerfisins.

„Þessar staðreyndir, ásamt fleiri þáttum sem bent hefur verið á í umræðu um menntamál á undanförnum misserum, gefa til kynna að skynsamlegra væri að horfa til annarra skólastiga en háskólans þegar kemur að frekari hagræðingu.“

Viðskiptaráð horfir til ráðstöfunar fjármuna innan menntakerfa annarra þróaðra ríkja og kemur þá í ljós að hún er með talsvert öðru móti en á Íslandi. „...Ísland er eina landið innan OECD sem ver meira af fjármagni í hvern grunnskólanema en háskólanema. OECD-ríki verja að meðaltali 70 prósent meira fjármagni í hvern háskólanema en grunnskólanema, en á Íslandi kostar hver grunnskólanemi átta prósentum meira en hver háskólanemi.“

Í skoðuninni hvetur Viðskiptaráð stjórnvöld, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila til að taka höndum saman um heildstæða endurskoðun á menntakerfinu. - nej

## Þróun fjárframlaga á hvern nemanda

**EFTIR SKÓLASTIGI**




Heimild: Hagstofa Íslands, Viðskiptaráð

Ólík þróun. Síðastliðin 15 ár hafa framlög á hvern grunnskólanema hækkað um 29 prósent á meðan þau hafa lækkað um 31 prósent á hvern háskólanema.

# Fiskur á Grillið!

Það er mjög auðvelt að grilla fisk



## HLÝRASTEIKUR
Sítrónupipar marineraðar
**1.890** kr.kg

## BLÁLÖNGUSTEIKUR
Hvítlaukur og kryddjurtir
**1.890** kr.kg

## HUMAR

| | | |
|---|---|---|
| Stór HUMAR | 8.900 | kr.kg |
| Millistór HUMAR | 6.900 | kr.kg |
| Smár HUMAR | 4.900 | kr.kg |

## VILLTUR LAX

| | | |
|---|---|---|
| Laxasneiðar | 2.790 | kr.kg |
| Laxaflök beinhreinsuð | 3.990 | kr.kg |

**Opið**
laugardag 10–15

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

# Rithöfundur án ríkisfangs

Mazen Maarouf, rithöfundur og þýðandi, er palestínskur flóttamaður sem hefur búið lengst af í Líbanon. Þar bjó Mararouf réttindalaus nær allt sitt líf. Hann var ofsóttur fyrir skrif sín og kom því hingað til lands. Hann þýðir íslensk bókmenntaverk á arabísku til að tengja tvo heima.

„Þegar valið stóð á milli hlýs loftslags og ófriðar eða kulda og friðar, þá þurfti ég ekki að hugsa mig um,“ segir Mazen Maarouf, rithöfundur og heppnasti flóttamaður í heimi, að eigin sögn. Mazen er flóttamaður frá Palestínu og hefur lifað sem slíkur í Líbanon bróðurpart ævi sinnar.

### Íslenskar bókmenntir heillandi

Skrif Mazens urðu til þess að honum var ekki lengur stætt á að lifa í Líbanon. Þá leitaði hann á náðir alþjóðlegra samtaka sem aðstoða pólitísk skáld í sömu stöðu.

Hann fékk leyfi til að koma til Íslands og starfa að verkum sínum hér í skjóli íslenskra yfirvalda. „Ég sökkti mér hins vegar í íslenskar bókmenntir við komuna og heillaðist af frásagnarhefðinni. Mér fannst að formið væri eitthvað sem þyrfti að opna augu Mið-Austurlendinga fyrir og hef því minna unnið að eigin efni,“ segir Mazen sem nú hefur þýtt tugi verka íslenskra ljóðskálda á arabísku, tvær skáldsögur og vinnur að þeirri þriðju, Bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason.

### Hlekkur milli norðurs og austurs

Áætlað er að Blái hnötturinn komi út víða ytra á næsta ári, en þýðingar Mazens hafa notið mikillar hylli og selst í þúsundum eintaka í Mið-Austurlöndum.

„Austurlönd eru lituð af áratugalöngum átökum og allt umhverfið því einnig. Þannig eru austurlenskar bókmenntir oft skrifaðar með einhverja ákveðna pólitíska atburði í huga og til lengdar getur verið leiðinlegt að lesa þær. Ísland hefur hins vegar verið átakalaust í svo mörg ár. Og öll samskipti milli fólks hér eru lituð af friðnum. Hingað til hefur arabaheimurinn ekki haft aðgengi af norrænu efni og mig dreymir um að ráðast í Íslendingasögurnar og þýða þær. Ætli mig langi ekki bara að vera þessi hlekkur sem vantaði á milli menningarheimanna. Ástæða þess að ég valdi Bláa hnöttinn er sú að mér þótti hún einfaldlega góð,“ segir Mazen.

### Verður gert að yfirgefa Ísland

Dvalarsamningur Mazen hér á landi er aðeins til tveggja ára. Honum verður því gert að yfirgefa Ísland í október næstkomandi.

Hann hyggst sækja um varanlegt hæli hér þar sem hann hefur fest rætur og myndað mörg djúp vinasambönd hér á landi, en segist jafnframt átta sig á því að það kom vel til greina að það fái hann ekki samþykkt.

„Þá veit ég ekkert hvert ég get farið. Ég hef ekkert ríkisfang þar sem ég er palestínskur flóttamaður og ekki get ég snúið aftur þangað. Í Líbanon tilheyri ég hópi þeirra stéttlausu. Þrátt fyrir að hafa búið þar nær allt mitt líf þá njóta Palestínumenn engra réttinda þar,“ segir Mazen og útskýrir að hann hafi þrátt fyrir allt náð að mennta sig en hann hefur meistaragráðu í efnafræði. Mazen kenndi efnafræði við skóla í Líbanon, en fékk þó aðeins greitt svart fyrir vinnuna vegna þess að hann hefur ekki kennitölu. „Ef það komu eftirlitsmenn, eða einhverjir frá yfirvöldum, inn í skólann var ég sendur niður í kjallara að fela mig. Bara af því ég er palestínskur.“

### Vissi ekki af mannréttindum

„Á meðan ég hef verið hér hef ég reynt að komst inn í samfélagið eftir bestu getu. Ég átta mig alltaf betur og betur á mikilvægi Íslands. Ég hefði aldrei trúað því að til væri staður í heiminum þar sem ríkti fullkominn friður. Ísland kemst þar ansi nálægt. Sjálfur bjó ég við stöðuga spennu allt mitt líf, ég vissi ekki einu sinni að til væru mannréttindi og það mótaði mig.

Þegar ég kom hingað þá áttaði ég mig til dæmis á því að ég var háður því að vera stöðugt stressaður um líf mitt. Heilinn í mér var farinn að líta á streituna sem fylgir hernaðarátökum sem sitt náttúrulega ástand. Ég þurfti stressið og spennuna til að geta unnið og til að takast á við lífið.

Hér þarf ég ekki að vera hræddur eða stressaður yfir neinu. Það tók smá tíma að aðlagast þessu áhyggjulausa umhverfi. En núna er ég bara leiður yfir því að þurfa að fara,“ segir Mazen Maarouf.

maria@frettabladid.is



**MAZEN MAAROUF** Fékk dvalarleyfi á Íslandi til tveggja ára sem rennur út í október. Í Líbanon tilheyrir Maarouf hópi hinna stéttlausu og er án ríkisfangs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í SUMAR!




109.999,-
~~129.999,-~~

Gildir til 14. júlí á meðan birgðir endast.

LAY-Z-SPA VEGAS
RAFMAGNS
HEITUR POTTUR

- Ein mestu gæði í uppblástnum pottum!
- 220-240volt, 2050W í 20°C
- 196x61cm uppbláisinn
- rúmar 4 fullorðna
- 848 lítra (80%)
- Vatnsflæði 1,438 ltr/klst.
- Snögghitunarkerfi um 1,5-2°C/klst.
- Max hiti 40°C
- DVD leiðbeiningar fylgja pottinum
- Rafrænt stjórnborð
- Auðveldur í uppsetningu
- Lay-Z nuddkerfi
- Innbyggð vatnshreinsisía
- Flothylki fyrir klór
- CE og GS vottaður
- Aðeins LAY-Z-SPA hefur fengið TUV/GS gæðavottun

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

www.bauhaus.is

# BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða

# 2 fyrir 1

## 2.495 kr




## Tilboðið gildir frá 12/07 - 15/07




# BRAKANDI FERSKT ÍSLENSKT GRÆNMETI Á HVERJUM DEGI

## NÝ UPPSKERA

KARTÖFLUR, BLÁAR KARTÖFLUR, SPERGILKÁL OG KÍNAKÁL





NÝTT







## GUY FIERI BBQ SÓSUR

Nýjar vörur frá meistara-kokkinum Guy Fieri sem er að gera allt vitlaust á Food Network.

Sósurnar hans Guy Fieri draga fram rokkað bragð á grillinu þínu.

Komdu og skoðaðu úrvalið!




**Way better snakk** 499 KR/PK
Kornsnakk með spíruðu korni - glútenlaust




TILBOÐ
299KR/STK
VERÐ ÁÐUR 339

**Berry White**
Lífrænir, léttir, ljúffengir og svalandi drykkir.
Án viðbætts sykurs.
Engin aukefni.

298KR/STK
VERÐ ÁÐUR 359
TILBOÐ




**Nóa kropp**
200g

299KR/STK
VERÐ ÁÐUR 449
TILBOÐ



**Fimmkorna brauð**

359KR/STK
VERÐ ÁÐUR 389
TILBOÐ




**Pagens bruður**
Fínar og grófar 400g

NÝTT



**Hvítlauks-osta grillbrauð Hagkaups**
Nú þegar sumarið er komið er tilvalið að prófa nýjung á grillið.
Hvítlauksosta grillbrauð Hagkaups er hentugt og fljótlegt meðlæti sem passar með flestum mat og er með ríkulegu hvítlauksbragði.

Gildir til 14. júlí á meðan birgðir endast.



## LAMBALÆRI FROSIÐ

TILBOÐ
1179KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1399

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

Holta KJÚKLINGUR

KJÚKLINGALÆRI ÚRBEINUÐ
1874KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2498

# BEIKONVAFIN KJÚKLINGALÆRI
## MEÐ GULLOSTI OG PESTÓ Á SÆTKARTÖFLUMÚS

*fyrir 4 að hætti Rikku*

8 úrbeinuð og skinnlaus kjúklingalæri
8 beikonsneiðar
1 hvítlauksrif
250 g gullostur
2 msk grænt pestó
nýmalaður pipar
salt
olía til steikingar
2 stórar sætar kartöflur, soðnar og afhýddar
1½ msk smjör

Hitið ofninn í 180°C. Setjið kjúklingalærin í glæran plastpoka og fletjið út t.d með kökukefli. Setjið hvítlauk, ost og pestó saman í matvinnsluvél og vinnið saman. Kryddið með salti og pipar. Fyllið kjúklingalærin með ostafyllingunni og vefjið beikonsneiðum utan um þau. Steikið á meðalheitri pönnu í 1-2 mínútur á hvorri hlið og setjið í eldfast mót. Bakið kjúklingalærin í 25 mínútur. Stappið kartöflurnar saman og bætið smjöri saman við. Kryddið með salti og pipar og berið fram með kjúklingnum. Gott er að blanda smá pestói saman við góða ólífuolíu og hella örlitlu yfir kjúklinginn.



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

GRÍSASÍÐA KRYDDLEGIN
1259KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1799

Holta KJÚKLINGUR

MANGÓ-CHILI, PIPAR-HVÍTLAUKS



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-LEGGIR, 2 TEG.
699KR/KG
VERÐ ÁÐUR 999

ÍSLANDS LAMB Stolt kjötmeistarans



TILBOÐ 35% afsláttur á kassa

KINDAFILE
2924KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4498

ÍSLANDS LAMB Stolt kjötmeistarans



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

LAMBA KÓTILETTUR
2174KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2899

SS

ARGENTÍNU MARINERAÐAR



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

NAUTA KÓTILETTUR
2399KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3199



NÝTT

Fylltar kartöflur með sætri kartöflu, beikoni og cheddar osti.

MEÐLÆTI OG EFTIRRÉTTIR
TILBÚIÐ Á GRILLIÐ!



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# SKOÐUN

Engar hæfiskröfur til bankaráðsmanna í Seðlabanka:

## Spurning um trúverðugleika

Fréttablaðið fjallaði í gær um þá staðreynd að engar sérstakar hæfiskröfur eru gerðar til þeirra sem Alþingi kýs í bankaráð Seðlabanka Íslands.

Flestir nýkjörinna bankaráðsmanna uppfylla, alltént við fyrstu sýn, þau hæfisskilyrði sem gerð eru til stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum en á því er undantekning; menntun og reynsla varaþingmannsins Björns Vals Gíslasonar uppfyllir engan veginn þær kröfur. Margir þeirra sem setið hafa í bankaráðinu undanfarin ár hafa heldur ekki uppfyllt slík skilyrði.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Ómar H. Kristmundsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sagði í samtali við blaðið að það væri „fullkomlega eðlilegt“ að þeir sem sætu í bankaráði Seðlabankans uppfylltu sömu kröfur og gerðar væru til þeirra sem sitja í stjórnum fjármálafyrirtækja.

Ómar sagðist telja að skýringuna á því að ekki væru gerðar sömu kröfur mætti hugsanlega rekja til þess að lögin um Seðlabankann væru frá 2001, en kröfur til stjórnenda fjármálafyrirtækja hefðu verið hertar á síðasta kjörtímabili. Þess vegna ætti að stefna að því að gera sams konar kröfur við endurskoðun laga um Seðlabankann, en fram að því ættu alþingismenn að miða við reglur um fjármálafyrirtæki þegar þeir veldu fólk í bankaráðið.

Þessar mismunandi kröfur skjóta þó einmitt ekki sízt skökku við vegna þess að síðasta ríkisstjórn beitti sér fyrir breytingu á lögum um Seðlabankann til þess að tryggja faglegri ráðningu bankastjóra hans og taka fyrir ráðningar flokksgæðinga sem höfðu tíðkazt áratugum saman. Þá hefði að sjálfsögðu átt að gera í leiðinni sömu kröfur til stjórnarmanna og gerðar eru í öðrum fjármálastofnunum. Það er ekkert óeðlilegt við að þeir séu flokkspólitískt valdir eins og fulltrúar í öðrum stjórnum sem þingið kýs, en þeir þurfa að hafa hæfni og þekkingu til að sinna þeim störfum sem þeir eru valdir til.

Í greinargerð með frumvarpi til laga, sem hertu á hæfisskilyrðum stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum sagði: „Eru lögð til þrengri og skýrari ákvæði um fjárhagsstöðu, menntun, starfsreynslu og starfsferil stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, auk þess sem gert er ráð fyrir að bæði stjórnarmenn sem framkvæmdastjórar fari í sérstakt hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu. Er það m.a. lagt til í tilefni af því að í frumvarpinu er víða að finna ríkari kröfur til stjórnarmanna og að þeir geri sér fulla grein fyrir þeirri persónulegu ábyrgð sem þeir bera á meðan þeir sitja í stjórn.“

Það er meiriháttar þversögn í því fólgin að Alþingi skuli setja slík lög um fjármálafyrirtæki, en láta hjá líða að gera sömu kröfur til þeirra sem það skipar sjálft í bankaráð Seðlabankans. Ekki sízt af því að bankinn fer með mikilvægt eftirlitshlutverk gagnvart fjármálafyrirtækjunum og fjármálamarkaðnum í heild.

Það er óhætt að segja að bæði Seðlabankinn og Alþingi yrðu trúverðugri ef þetta misræmi væri lagfært og sömu reglur látnar gilda um Seðlabankann og aðrar fjármálastofnanir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Sáttin**

Forystumönnum í stjórnmálum verður tíðrætt um það þessa dagana að náist þurfi sátt um hitt og þetta. Forsetinn segir að sátt sé nauðsynleg um sjávarútveginn. Undir það tekur Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra kallaði í grein í Morgunblaðinu í gær eftir þjóðarsátt um heilbrigðiskerfið. Þetta er jákvætt. Sátt er góð. Um sem flest. Hún er alltént betri en sundurlyndið.

**Hvernig?**

Það er hins vegar verra að menn virðast litla hugmynd hafa um það hvernig þessi allsherjarsátt eigi að nást. Sigurður Ingi sagði í Fréttablaðinu í fyrradag að forsenda hennar væri aðallega sú að samfélaginu væri komið betur í skilning um það út á hvað sjávarútvegur gengur. Í sömu andrá og Kristján Þór talar fyrir þjóðarsáttinni segir hann að endurskipuleggja þurfi kerfið og byggja það upp á nýjan leik. Gangi stjórnvöldum vel að ná sátt um það.





**Lægri skattar**

Kristján segir að sátt þurfi líka að nást um „skynsamlega forgangsröðun í ríkisfjármálum“, sem þýðir væntanlega að einhvers staðar þurfi að skera meira niður en áður hefur verið talað um til að betur megi hlífa heilbrigðiskerfinu. Reyndar mætti líka hugsa sér að sjálfstæðismenn lækkuðu bara skatta aðeins meira en þeir ætluðu að gera. Samkvæmt þeirra kenningum ættu tekjur ríkisins að aukast við það.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Loftárásir?

SJÁVARÚTVEGSMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
þingkona
Samfylkingarinnar

Forseti Íslands skrifaði undir veiðigjaldalögin, þrátt fyrir 35 þúsund undirskriftir um að gera það ekki. Það er að sjálfsögðu hans ákvörðun og hann ber ábyrgð á henni gagnvart þjóðinni.

Það sem vakti athygli mína voru ýmis rök forsetans fyrir því að skrifa undir. Þannig vísaði hann til þess að lítið málþóf hefði verið í þinginu um málið og hafði á orði að stemningin í samfélaginu væri mun rólegri en þegar fjölmiðlalögin voru til umræðu á sínum tíma.

Það er nokkuð til í þessu. Þingmenn stjórnarandstöðunnar lögðust ekki í málþóf út af veiðigjöldunum þó andstöðu þeirra væri komið á framfæri með skýrum hætti. Undirskriftasöfnunin var að frumkvæði tveggja einstaklinga sem misbauð frumvarp sjávarútvegsráðherra. Skipulögð félög eða hópar komu þar hvergi nærri.

Sjávarútvegsmál hafa verið til umræðu um langt árabil og almenningur hefur upplýsta skoðun á deilumálum um þau. Þetta á ekki síst við um þjóðareign á auðlindinni og að gjald skuli koma fyrir afnot á henni. Mikil andstaða við frumvarp sjávarútvegsráðherra byggist á réttlætiskennd, enda misbýður fólki að útgerðinni í landinu skuli réttir um tíu milljarðar á meðan frekari niðurskurður ríkisútgjalda er boðaður. Þó engir væru útifundirnir eða blysfarir á Bessastaði skyldi enginn vanmeta þann kraft sem býr í réttlætiskennd almennings.

**➜ Meintar loftárásir voru þó ekki annað en eðlileg gagnrýni Alþingis á frumvörp og tillögur ráðherra ríkisstjórnarinnar. Ef marka má ummæli forseta Íslands þótti honum lítið til þessara loftárása koma.**

Einar Kristinn Guðfinnsson, nýkjörinn forseti Alþingis, hefur varla verið mjög ánægður með ummæli forseta Íslands. Tafir voru engar á afgreiðslu veiðigjaldafrumvarpsins og málið klárað með eðlilegum hætti. Ef marka má rök forsetans þá voru þetta mikil mistök af hálfu stjórnarandstöðunnar. 35 þúsund undirskriftir, 70% andstaða í skoðanakönnun og málefnaleg umræða á Alþingi er greinilega ekki nóg. Forsetinn saknaði málþófsins!

Forsætisráðherra kvartaði á dögunum undan loftárásum stjórnarandstöðunnar. Meintar loftárásir voru þó ekki annað en eðlileg gagnrýni Alþingis á frumvörp og tillögur ráðherra ríkisstjórnarinnar. Ef marka má ummæli forseta Íslands þótti honum lítið til þessara loftárása koma. Ekki einu sinni málþóf í þriðju umræðu um veiðigjaldafrumvarpið!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Það kemur annað Nasa

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Einu sinni var til eitthvað sem hét Nýja bíó. Svo hætti það að vera bíó. En fólk talaði áfram um að hitt og þetta væri við hliðina á Nýja bíói. Þá var ég nýfluttur til landsins, og trúið mér, þetta ruglaði mig óstjórnlega. Svo brann þetta Nýja bíó sem ekki var bíó. Síðan var það endurreist, hækkað og málað rautt. Nýja Nýja bíó er veitingastaður. Ekki djammstaður. Ég mun þurfa að venjast því.

Hið gamla Nýja bíó hét Nýja bíó til aðgreiningar frá öðru bíói sem hét Gamla bíó. Gamla bíó var raunar heldur ekki lengur bíó þegar ég flutti til landsins. Þá var það ópera. En nú er óperan flutt í Hörpu. Harpa kostar Reykjavíkurborg hálfan milljarð á ári í rekstur. Ríkið borgar annað eins og ríflega það. Kannski er erfitt fyrir aðra staði að keppa við það. En lausnin er varla að kaupa upp og niðurgreiða öll opin rými sem leggja upp laupana héðan í frá.

Eflaust fannst einhverjum leiðinlegt þegar óperan flutti. Eins fannst eflaust mörgum leiðinlegt þegar Gamla bíó og Nýja bíó hættu að vera bíó. Þar áður hætti örugglega eitthvað enn annað að vera það sem það var áður og einhverjum þótti það eflaust líka leiðinlegt. Það er leiðinlegt þegar einhverjum finnst eitthvað leiðinlegt. En sumir hlutir gleymast samt hratt. Kannski voru þeir ekki það ómissandi til að byrja með. Eitt sinn vissi ég til dæmis ekki að það væri tónleikasalur við Austurvöll.

**Geimöld á enda**

Skemmtistaðurinn Nasa var starfandi í um áratug. Á þeim tíma héldu menn fullt af böllum og tónleikum og ég hef eflaust þambað bjór á nokkrum þeirra. Gott mál. En skemmtistaðir í Reykjavík verða kannski sjaldan mjög langlífir. Hvað hefur maður ekki heyrt oft á sinni djammævi að brotthvarf hins eða þessa staðar „skilji eftir skarð“ í skemmtana- og tónlistarlífi Reykjavíkur? Ég get nefnt Sirkus, Gaukinn og Organ og marga aðra staði sem enginn man eftir lengur. Því nýir árgangar djammara rúlla inn á Laugaveg ár hvert, minnislausir um fortíðina. Og ófyllanlegu skörðin fyllast.

Reykvískir skattgreiðendur hafa sett heilmikið fé í það að hindra að menningarstaðir sem standa ekki lengur undir sér haldi áfram í einhverri mynd. Nefna má Bíó Paradís og Tjarnarbíó sem dæmi. Hvort tveggja eru athyglisverð verkefni. En við getum ekki keypt upp Nasa núna, og svo Faktóry, og svo Rósenberg, Dönsku krána eða Café Haíti ef þessi staðir kjósa einhvern tímann að hætta. Vissulega hafa margir þeirra gert margt fyrir tónlistarlífið. En þróunin verður að fá að eiga sér stað.

**Betri með breytingunum**

Austurvöllur virkar. Sérstaklega þegar veðrið er gott. Einhvern tímann byrjaði Café París að raða út stólum í góðu veðri. Fleiri staðir fylgdu í kjölfarið. Síðan fóru menn að loka Pósthússtrætinu á sumrin til að enn fleiri gætu gert þetta.

> Hvað hefur maður ekki heyrt oft á sinni djammævi að brotthvarf hins eða þessa staðar „skilji eftir skarð“ í skemmtana- og tónlistarlífi Reykjavíkur.

Það væri ákjósanlegast fyrir mannlífið á svona torgi ef veitingastaðir næðu einfaldlega allan hringinn. Ein hlið torgsins geymir raunar kirkju og þinghús svo það er kannski ekki auðsótt að breyta þeim í írskan bar og steikhús. En hvað með vesturhlið Austurvallar? Þar eru í dag bílastæði og gluggar á skrifstofuhúsnæði. Það bókstaflega öskrar á að láta breyta sér í eitthvað betra. Og svo lengi sem jarðhæðin nýtist í veitingar, verslun eða þjónustu er mér sama þótt einhverjir túristar búi fyrir ofan.

Er Hótel Borg of stutt frá þinghúsinu? Væri betra ef jarðhæðin á Hótel Borg væri skrifstofuhúsnæði? Væri betra ef jarðhæðin á húsinu við hliðina á væri nýtt undir tónleika, seint á kvöldin einu sinni í mánuði, en ekki veitingastað? Ég efast um það.

Þegar á hólminn er komið þá snýst þetta um það hvort breytingarnar á Austurvelli geri þennan skika borgarinnar betri. Flest bendir til þess. Það verður byggt yfir bílastæði. Það verður opnað fyrir þjónustu á jarðhæð. Borðum mun fjölga á Austurvelli á sólríkum dögum. Vissulega mun Nasa hætta. En í heilbrigðu viðskiptaumhverfi eiga slík „ófyllanleg skörð“ að fyllast hratt.

# Staðreyndir og staðleysur

FJÖLMIÐLAR
Páll Magnússon
útvarpsstjóri



Síðast þegar ég átti orðastað við ritstjóra Morgunblaðsins í hans eigin blaði birtist svar hans við grein minni á undan greininni sjálfri. Það er sérkennileg ritstjórnarstefna og því bið ég Fréttablaðið fyrir þetta greinarkorn.

Um síðustu mánaðamót hafði ritstjóri Morgunblaðsins setið á stóli sínum í 197 vikur. Á þeim tíma hafði hann skrifað 224 sinnum um Ríkisútvarpið í forystugreinum blaðsins. Það gerir að jafnaði einu sinni í viku og 27 sinnum í viðbót. Án þess að hafa talið það hef ég grun um að það hafi bara verið tvö fyrirbæri í veröldinni sem hafa verið ritstjóranum kærari umfjöllunarefni en RÚV: nýlega brotthorfin ríkisstjórn og svo hann sjálfur. Ég hygg reyndar að varnar- og lofgreinar hans um sjálfan sig undir nafnleynd í þriðju persónu séu nýmæli í vestrænni blaðamennsku – jafnvel mætti kalla þetta sköpunarverk nýja bókmenntagrein.

**Rangar staðhæfingar**

Þetta var þó ekki erindið. Í gegnum fúkyrði og fimmaurabrandara ritstjórans í garð Ríkisútvarpsins, sem ástæðulítið er að svara, má einstaka sinnum grilla í rangar efnislegar staðhæfingar, sem verður eiginlega að svara. Þannig sagði nýlega í Reykjavíkurbréfi „…Ríkisútvarpið er orðið eftirbátur annarra í framleiðslu á innlendu efni, svo furðulegt sem það er“. Þetta er rangt. Síðustu opinberu tölur frá Hagstofunni um þetta efni eru frá 2010. Þar kemur fram að innlent efni á RÚV hafi verið samtals 2.031 klukkustund eða 52% af heildarútsendingartíma. Stöð 2 var með 1.085 klukkustundir sem var 14% af heildarútsendingartíma og Skjár 1 með 340 klukkustundir, sem var 15% af heildarútsendingartíma. Þessi hlutföll eru lítt breytt í dag. (Til að gæta sanngirni verður að taka fram að ÍNN og N4 eru auðvitað bara með íslenskt efni).

> **Kosturinn/gallinn við efnislegar staðhæfingar er nefnilega að þær er yfirleitt hægt að sannreyna eða hrekja.**

Í leiðinni er svo rétt að leiðrétta þá bábilju sem ritstjórinn hefur tekið undir og gert að sinni, að RÚV hafi fjallað miklu meira um nýlega undirskriftasöfnun gegn lækkun veiðigjalds en undirskriftasöfnun gegn Icesave á sínum tíma. Þetta er rangt. Á 10 daga tímabili (10.02.2011-20.02.2011) fjallaði RÚV 21 sinni um undirskriftasöfnun gegn Icesave í aðalfréttatímum útvarps og sjónvarps. Á 13 daga tímabili (17.06.2013-01.07.2013) fjallaði RÚV 16 sinnum um undirskriftasöfnun gegn lækkun veiðileyfagjalds í aðalfréttatímum útvarps og sjónvarps.

Kosturinn/gallinn við efnislegar staðhæfingar er nefnilega að þær er yfirleitt hægt að sannreyna eða hrekja. Sú er ekki raunin með fúkyrði og fimmaurabrandara.

Guð blessi Morgunblaðið.



# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1636** Um 35 Íslendingar eru keyptir lausir úr Barbaríinu.

**1690** Orrustan við Boyne: mótmælendaher Vilhjálms 3. sigrar kaþólskan her Jakobs 2. á Írlandi.

**1906** Dreyfusmálið: Alfred Dreyfus fær uppreisn æru rúmlega áratug eftir að hann var dæmdur sekur fyrir landráð.

**1932** Norskir hermenn leggja hluta Austur-Grænlands undir sig og kalla Eirik Raudes Land.

**1962** Hljómsveitin Rolling Stones stígur á svið í fyrsta skipti, í Marquee-klúbbnum í London.

**1975** Saó Tóme og Prinsípe fá sjálfstæði frá Portúgal.

**1979** Kíribatí fær sjálfstæði frá Bretlandi.

**2006** Ísraelskar hersveitir ráðast inn í Líbanon í kjölfar þess að Hezbollah tók tvo ísraelska hermenn í gíslingu.

---

†



Elskulegur faðir okkar,

**SNORRI ÞORSTEINSSON**

lést á gjörgæslu á Landspítalanum í Fossvogi 4. júlí. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 15. júlí kl. 15.00.

**Anika Sóley Snorradóttir**
**Kristófer Valdi Snorrason**
**og fjölskylda.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA FREYJA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Tungusíðu 23, Akureyri,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 7. júlí. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 15. júlí kl. 13.30.

**Ólafur Svanlaugsson** **Margrét Loftsdóttir**
**Guðmundur Svanlaugsson** **Sigurlaug Stefánsdóttir**
**Aðalbjörn Svanlaugsson** **Margrét Vestmann**
**barnabörn og barnabarnabörn hinnar látnu.**

---

†



Kærar þakkir til allra þeirra sem sýndu vináttu og kærleik við útför

**RÓLANTS DAL CHRISTIANSEN.**

Sérstakar þakkir sendum við Friðbirni Sigurðssyni lækni, Sigurði Blöndal lækni, starfsfólki 11E Landspítala og heimahjúkrun Landspítala.

**Finnbjörg Grímsdóttir**
**Margrét Rosa Dahl Christiansen** **Pétur Hlöðversson**
**Johan Sophus Dahl Christiansen** **Lilja Eiríksdóttir**
**Arna Soffía Dahl Christiansen** **Jón Ingi Arngrímsson**
**Anna María Antonsdóttir** **Valgarður Arnarson**
**Linda Petterson Sanda** **Bjørn Sanda**
**Ragnar Antonsson** **Guðbjörg Jensdóttir**
**Björn Antonsson** **Cecilia Antonsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÓSKARSSON**
**Seljalandi 7, Reykjavík,**

lést á Landakotsspítala 4. júlí. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Þórgunnur Þorgrímsdóttir**
**Örn Berg Guðmundsson** **Ragnhildur Gröndal**
**Margrét Guðmundsdóttir**
**Steinunn Ósk Guðmundsdóttir**
**Guðrún Gríma Guðmundsdóttir** **Sigmundur Guðmundsson**
**Guðmundur Ingi Guðmundsson** **Danuta Mamczura**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

---

**ÞETTA GERÐIST** 12. JÚLÍ 1984

## Geraldine Ferraro útnefnd varaforsetaefni

Geraldine Ferraro varð fyrsta konan sem útnefnd var sem varaforsetaefni af stórum stjórnmálaflokki í Bandaríkjunum. Ferraro var útnefnd sem meðframbjóðandi demókratans Walters Mondale fyrir forsetakosningarnar árið 1984.

Ferraro fæddist árið 1935 og var dóttir ítalskra innflytjenda en faðir hennar dó þegar hún var átta ára. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku árið 1956 og varð kennari. Með kennslustarfinu lærði hún lögfræði á kvöldin og útskrifaðist svo með lögfræðigráðu árið 1960. Árið 1974 tók Ferraro við stöðu aðstoðarumdæmissaksóknara og fjórum árum síðar var hún kosin til fulltrúadeildar Bandaríkjaþings.

Árið 1980 var Ferraro kosin ritari flokksþingsfundar demókrata og fyrir kosningarnar 1984 var hún í nefnd demókrata sem fjallaði um stefnuskrá flokksins. Sama ár gerðist hún svo meðframbjóðandi forsetaframbjóðandans Walters Mondale.

Demókratar töpuðu kosningunum þetta árið fyrir Ronald Reagan sem varð forseti og George Bush varð varaforseti. Árið 2002 bauð Mondale sig fram til öldungadeildar en tapaði naumlega fyrir Norm Coleman, frambjóðanda demókrata.

Ferraro reyndi tvisvar að ná tilnefningu demókrata fyrir öldungadeildina, árin 1992 og 1998, en tapaði í bæði skiptin. Árið 1993 tilnefndi Bill Clinton hana til þess að vera í forsvari fyrir Bandaríkin hjá Sameinuðu þjóðunum.

Ferraro lést 26. mars 2011.





**FORMAÐURINN** Solveig Theodórsdóttir segir engin ellimerki á starfsemi hins hundrað ára gamla Heimilisiðnaðarfélags sem fagnar afmælinu með opnu húsi í dag. Með henni á myndinni er Guðbjörg Inga Hrafnsdóttir, starfsmaður HFÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hundrað ára félag með átta hundruð félagsmenn

Stofnfundur Heimilisiðnaðarfélags Íslands var haldinn 12. júlí 1913 og fagnar félagið því 100 ára afmæli í dag. Margt verður gert til að minnast afmælisins og ber þar hæst útgáfu bókarinnar Faldar og skart eftir Sigrúnu Helgadóttur.

Við verðum bæði með opið hús og útgáfuteiti í dag til að halda upp á afmælið,“ segir Solveig Theodórsdóttir, formaður Heimilisiðnaðarfélagsins, spurð hvernig eigi að halda upp á daginn. „Bókin Faldar og skart kemur út í dag í samstarfi við bókaútgáfuna Opnu og við ætlum að fagna því saman hér í Nethyl 2e eftir klukkan fjögur.“

Solveig segir bókina einstæða og að Sigrún sé ein frumkvöðla í því að endurgera gamla íslenska búninginn sem hafi nánast verið horfinn af sjónarsviðinu. „Faldbúninganámskeiðin eru núna ein vinsælustu námskeiðin hjá okkur, en við erum líka með nokkur námskeið á ári í þjóðbúningasaum og þá er ég að tala um peysuföt og upphlut. Auk þess erum við með alls kyns önnur námskeið sem njóta mikilla vinsælda.“

Hundrað ár eru langur tími en Solveig segir hlutverk félagsins þó ekkert hafa breyst. „Það er alveg það sama og það hefur verið frá upphafi,“ segir hún . „Það hefur alla tíð verið markmið félagsins að vernda og efla þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað. Stuðla að vöndun hans og fegurð og vekja áhuga landsmanna á að búa til fallega og nytsama hluti með rætur í þjóðlegum menningararfi.“

Solveig segir tæplega 800 manns vera skráða í félagið, en auðvitað séu félagsmenn misvirkir. Það sé þó síst að draga úr áhuganum, enda sé óhætt að segja að hann hafi gengið í endurnýjun lífdaga á síðustu árum.

HFÍ hefur unnið samkvæmt UNESCO-samningi um menningarerfðir, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði árið 2003, og skömmu áður en Katrín Jakobsdóttir lét af störfum sem mennta- og menningarmálaráðherra var undirritaður samningur milli HFÍ og ráðuneytisins um fast framlag frá ríkinu til stuðnings rekstri félagsins. Solveig segir þó fjárhagslegt bolmagn félagsins ekki mikið, en sem betur fer séu félagsmenn duglegir í sjálfboðastarfi, enda hafi starfsemin byggst á því frá upphafi.

Hið hundrað ára gamla félag er því enn í fullu fjöri og sýnir engin ellimerki og fullyrðir Solveig að það sé síungt. „Enda tileinkar það sér nýjar hugmyndir og nýja tækni og nýtir sér í kennslu. Það er engin stöðnun í handverkinu, sem betur fer.“

fridrikab@frettabladid.is

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNDÍS MAGNÚSDÓTTIR**
**Lækjasmára 6, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 7. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. júlí kl. 13.00.

**Geir Magnússon** **Áslaug S. Svavarsdóttir**
**Unnur Magnúsdóttir** **Daníel Helgason**
**Guðlaugur Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINN SAMÚELSSON**
**Tjarnarstíg 3, Seltjarnarnesi,**

lést að kvöldi föstudagsins 28. júní. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vináttu.

**Sigríður Sveinsdóttir** **Jóhann Jóhannsson**
**Bryndís Sveinsdóttir** **Ásmundur Jónsson**
**Jóhann Sveinsson** **Birna Guðmundsdóttir**
**Björn Sveinsson** **Hulda Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## EIVÖR Á AKUREYRI

**Færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir verður með snilldartónleika á Græna hattinum á Akureyri á laugardagskvöld kl. 22 og sunnudagskvöld kl. 21. Eivör nær jafnan að heilla áhorfendur með söng sínum og sviðsframkomu. Tónleikagestir á Akureyri ættu því ekki að vera sviknir um helgina.**


PRÓGASTRÓ

Áhrifaríkur ASÍDÓFÍLUS ásamt öðrum öflugum góðgerlum

UPPLIFÐU MUNINN!

**Oft spurt?**
Af hverju virka **PRÓGASTRÓ DDS PLÚS 3** góðgerlarnir svona vel og fljótt á marga meltingaerfiðleika eins og hægðatregðu, niðurgang, uppþembu, kandíta, sveppasýkingu ofl.

**Svar?**
Lykillinn er að allir góðgerlarnir í **PRÓGASTRÓ DDS PÚS 3** eru gall- og sýruþolnir og ná að lifa ferðina af í gegnum magann niður í smáþarmana. Auk þess er **ASÍDÓFÍLUSINN DDS 1**, sem hefur þann hæfileika að fjölga sér og dvelja í þörmunum, vinnusamur og stöðugur.

**Notkun**
2 hylki á morgnana á fastandi maga geta gert kraftaverk fyrir meltinguna! Margir fullyrða að þeir sem hafa góða meltingu séu hamingjusamari.

- Prófaðu og upplifðu muninn



100% NÁTTÚRULEGT

**Þessi vara er laus við:**
Mjólk • Glúten • Sykur
Soja • Rotvarnarefni

PRENTUN.IS

Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna

www.gengurvel.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur skemmtilega uppskrift að sitjandi kjúklingi á grillið.

Gaman væri að prófa að elda kjúklinginn á þennan hátt. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**FLOTTUR RÉTTUR** Úlfar heldur hér á sitjandi kjúklingi með framandi bragði. MYNDIR/ARNÞÓR

## *Sitjandi kjúklingur með engifer, chili-pipar og bbq-sósu*



**SITJANDI KJÚKLINGUR** Mjög gaman er að prófa að elda kjúkling á þennan hátt.

1 heill kjúklingur
1 chili-pipar, frælaus
4 cm engifer, smátt saxað
2 dl engiferdrykkur frá Himneskri hollustu
Salt og nýmalaður pipar
2-3 dl bbq-sósa
Grillhólkur, fæst í Grillbúðinni, eða tóm bjórdós
Olía

*Penslið fuglinn með olíu og kryddið að innan og utan með salti og pipar.*

*Setjið engifer, chili-pipar og engiferdrykkinn í hólkinn og leggið fuglinn ofan á. Setjið fuglinn á milliheitt grill og grillið undir loki í 45 mín. Penslið þá fuglinn með ½ dl af bbq-sósunni og grillið í 10 mínútur í viðbót eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C.*

*Berið fuglinn fram með restinni af bbq-sósunni og til dæmis grilluðu grænmeti, kartöflum og salati.*













**FRÍÐUR HÓPUR** Tíu liðsmenn Flugbjörgunarsveitarinnar í Varmahlíð og Skagfirðingasveitar voru við störf að Fjallabaki í síðustu viku. MYND/HILMAR BALDURSSON

# GÆTA FERÐAFÓLKS

**Á FJÖLLUM** *Á sunnudaginn lauk fyrstu viku ársins í hálendisvakt björgunarsveita. Alls aðstoðuðu 22 björgunarmenn 111 manns í 46 tilvikum.*

Alls voru fimm hópar björgunarsveitarmanna við störf á fjórum stöðum í síðustu viku, að Fjallabaki, á Kili, á Sprengisandi og á svæðinu norðan Vatnajökuls. Stærsti hópurinn var að Fjallabaki en þar voru saman komnir tíu meðlimir úr Flugbjörgunarsveitinni í Varmahlíð og Skagfirðingasveitinni. „Við vorum með aðsetur í Landmannalaugum og vorum hér í átta daga, frá laugardegi fram á sunnudag," segir Hilmar Baldursson hópstjóri. Verkefnin voru næg. „Við vorum til dæmis að flytja sjúklinga á móti sjúkrabílum, bjarga fólki úr ám, aðstoða fólk með bilaða bíla, sinna fólki sem hafði ofkælst og allt þarna á milli," upplýsir Hilmar, en dagarnir voru jafn fjölbreyttir og þeir voru margir. „Við gátum aldrei vitað hvernig dagurinn yrði. Eitt sinn ætluðum við í fimm mínútna skreppitúr en á endanum vorum við í átta tíma törn við björgunarstörf."

Hópurinn hafði þrjá bíla til umráða og gat þannig skilið einn eftir mannaðan í Landmannalaugum. „Það létti okkur hinum lífið því þá þurftum við ekki að rjúka til baka ef eitthvað kom upp á á tjaldsvæðinu," segir Hilmar en hann telur fulla nauðsyn á hálendisgæslu á Íslandi. „Þetta er komið til að vera, það er ekki spurning," segir hann, en bætir við að þó þurfi að taka til skoðunar hver eigi að fjármagna gæsluna enda sé þetta dýrt fyrirtæki. „Allir sem eru í hálendisgæslunni gefa vinnu sína og nota hluta af sumarfríinu sínu," segir hann. Hann viðurkennir þó að allir sem einu sinni gæslunni hafi gaman af því. „Þetta er auðvitað ofsalega skemmtilegt líka, annars væri maður ekki að þessu," segir hann glaðlega. „Það er oft líf og fjör hjá okkur. Á kvöldin grillum við, spilum og höfum gaman."

Í þessari fyrstu viku hálendisgæslunnar voru 22 björgunarsveitarmenn að störfum á fjórum svæðum. Þeir sinntu alls 111 manns í 46 tilvikum. Hilmar segir útlendinga hafa verið í meirihluta þeirra sem aðstoðaðir voru. „Það sem kemur fólki helst í vandræði er kunnáttuleysi, sérstaklega í kringum árnar," segir hann.

Í þessari viku fjölgar björgunarsveitarmönnum í takt við ferðamennina á svæðinu en alls verða 36 björgunarsveitarmenn við störf á hálendinu fram á sunnudag þegar nýir hópar taka við.

■ solveig@365.is



**KALT** Meðal verkefna sveitarinnar var að sinna fólki sem hafði ofkælst.






# HEIMAGERÐ MÚSLÍSTYKKI

Þegar rigningin bylur á rúðunni á íslensku sumarkvöldi er fátt annað að gera en planta sér fyrir framan sjónvarpið, horfa á góða mynd og gæða sér á ljúffengu nasli.

Heimagert nasl er þó mun betra en það sem í flestum tilfellum fæst út úr búð. Múslístykki eru bæði saðsöm og sæt og henta hvort sem er sem sjónvarpsnasl eða í gönguferðina þegar styttir upp.

**1 bolli haframjöl**
**1 bolli kókosmjöl**
**1/2 bolli hveitikím**
**1/2 bolli sesamfræ**
**1/2 bolli sólblómafræ**
**1/2 bolli graskersfræ**
**1 bolli ljósar rúsínur**
**125 g smjör**
**1/2 bolli hunang**
**1/3 bolli púðursykur**

Steikið haframjöl, kókosmjöl, hveitikím, sesam-, sólblóma- og graskersfræ á pönnu við meðalhita í 8-10 mínútur þar til blandan er gullin. Kælið í skál. Blandið ljósum rúsínum við.

Hitið smjör, hunang og sykur í potti yfir meðalhita þar til sykurinn er uppleystur. Komið upp suðu og lækkið þá hitann. Látið krauma í 7 mínútur. Blandið þurrefnum saman við.

Leggið bökunarpappír í ofnskúffu og hellið blöndunni í hana. Fletjið út með skeið og pressið niður. Látið kólna. Skerið í jafna bita. Geymið bitana í loftþéttu boxi sem er fóðrað með álpappír. Geymist í allt að viku.



Hægt er að skipta út hráefnum og bæta öðrum við að vild. Til dæmis eru valhnetur hentugar í múslístykki. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
12. JÚLÍ 2013

**Erna Elínbjörg Skúladóttir**
REKUR KAFFIHÚS OG LEIRGERÐ Í BRAGGANUM 2

**Helena Reynisdóttir**
VEKUR ATHYGLI LISTAMANNA Á INSTAGRAM 6

**Gunnleifur Vignir Gunnleifsson**
ER MIKILL KNÚS-ARI EN DANSAR HELST ALDREI 10



*Bóas Kristjánsson*

## Hátíska herranna heillar

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Í vikunni sem leið sást til **Jóns Gnarr** borgarstjóra á sirkussýningu Burnt Out Punks ásamt eiginkonu sinni og syni en hann fékk heiðurssæti fremst við sviðið. Síðastliðna helgi var einnig haldin tónlistarhátíð á Rauðasandi þar sem ýmsir



tónlistarmenn voru áberandi en má þar nefna **Unnstein Manúel** úr Retro Stefson. Hannes Jón Jónsson, atvinnumaður í handbolta, gekk í það heilaga með Hörpu Jóhannsdóttur en brúðkaupið mun



hafa verið tveggja daga veisla þar sem margir þekktir landsliðsmenn skáluðu fyrir brúðhjónunum en þar á meðal var fyrrverandi landsliðsmaður, **Markús Máni Mikaelsson**.






# Lífið
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Jónatan Grétarsson
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**




Erna Elínbjörg Skúladóttir listakona hefur úbúið öskjur fyrir leirmunina úr kartöflupokum





Bragginn er falin perla sem sést örlítið í frá veginum.



Svanabollar fást í ýmsum fallegum jarðlitum.

# FÓLKIÐ Í BRAGGANUM

***Mæðgurnar frá Birtingaholti reka huggulegt kaffihús og leirvinnustofu í gömlum bragga frá stríðsárunum***

Erna Elínbjörg Skúladóttir er glaðlynd og ævintýragjörn kona en hún hefur meðal annars unnið sem kaffibarþjónn í Kólumbíu. Fyrir tveimur árum útskrifaðist hún með BA-gráðu í keramikgerð með áherslu á myndlist. Nú stundar hún mastersnám í myndlist í Noregi en yfir sumartímann ræktar hún fjölskylduna á Íslandi og býr til postulín og kaffi í faldri perlu rétt fyrir utan Flúðir sem heitir Bragginn. „Þetta var sameiginleg hugmynd hjá fjölskyldunni að það væri hægt að nýta þetta húsnæði, gera það upp og nota það sem til væri. Þetta var kartöflugeymsla áður fyrr sem afi minn byggði fyrir 40 árum. Hann keypti gamlan herbragga og byggði hann inn í hólinn og nú rekum við kaffihús og vinnustofu þar," segir Erna Elínbjörg Skúladóttir.

Fyrir tólf árum hætti fjölskyldan í Birtingaholti kartöflurækt og leigði út landið undir kornrækt að fleira. Í dag reka mæðgurnar Lára Hildur Þórsdóttir, Ásthildur Skúladóttir og Erna Elínbjörg Skúladóttir kaffihúsið saman og eru hráefnin að mestu leyti fengin úr sveitinni um kring. Að öðru leyti eru keyptar inn lífrænar vörur. Erna Elínbjörg segir að það geti verið erfitt að fá almennilegan kaffibolla úti á landsbyggðinni og því sé kaffið fengið beint frá bónda í Kólumbíu. Innan um kaffiilminn og hráfæðiskökurnar í Bragganum er unnið að postulíni sem stillt er upp eins og litlu ævintýri. „Ég fann þennan litla karl á markaði í Danmörku og fannst svo sjarmerandi að setja þennan kúreka með fínlegu postulíni. Ég hef verið að nota gömul leikföng í myndlistina og mér finnst skemmtilegt að blanda saman sögum og ævintýrum. Ég vil helst nota framandi hluti og setja saman með gömlum nostalgískum hlutum," segir Erna Elínbjörg Skúladóttir.


# Spektro
## fjölvítamínið fyrir alla





Öll þurfum við vítamín og steinefni sérstaklega þegar ekki er passað að borða rétt. Á sumrin gleymum við oft að taka vítamínin sem er miður, því það er ekki síst þá sem fólk borðar óreglulega og leyfir sér meira í mat og drykk. Spektro er einstök fjölvítamín blanda frá Solaray sem inniheldur öll helstu vítmín og steinefni sem við þurfum á að halda. einning jurtir og ensím sem gefa okkur orku, bæta úthreinsun og halda meltingunni góðri. Spektro er sérstaklega samansett til að halda jafnvægi á vítmínum, steinefnum og jurtum, og að þessi hráefni vinni hárrétt saman. Hylkið leysist upp á 20 mínútum svo upptaka líkamans á bætiefnunum er hröð. Spektro fjölvítamín er þar að auki laust við laktósa, sykur, glúten, soja og tilbúin aukefni. Spektro hentar því einstaklega vel þeim sem eru með ofnæmi. Spektro er framleitt í gæða vottuðum verksmiðjum, undir ströngum GMP stöðlum.

SOLARAY
DIETARY SUPPLEMENT

**Solaray bætiefnin fást aðeins í apótekum og heilsuvöruverslunum.**




Bragginn var áður kartöflugeymsla fjölskyldunnar.





Litlir og ævintýralegir karlar eru mikið notaðir í listsköpunni hjá Ernu Elínbjörgu.

FRÉTTABLAÐIÐ/MARÍN MANDA

**Komdu og fáðu ráðleggingar**

# Grillbúðin







**Eina sérverslun landsins með grill og garðhúsgögn**

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi, S. 554 0400 - Við hliðina á BÓNUS**

# BÓAS KRISTJÁNSSON ÆTLAÐI AÐ VERÐA KÖRFUBOLTAMAÐUR

*Þegar Bóas Kristjánsson var yngri ætlaði hann að verða körfuboltamaður og hátísku karlmannsföt voru fjarri hans huga. Í dag rekur hann sitt eigið hönnunarfyrirtæki, 8045, sem er í miklum vexti og segir að draumurinn sé að nýta íslenska orku til frekari hönnunar. Lífið ræddi við Bóas um iðnaðinn, fatalínuna KARBON og tilveruna sem hann hrærist í frá degi til dags.*



**ALDUR**
31

**STARF**
FATAHÖNNUÐUR

**HJÚSKAPARSTAÐA**
Í SAMBÚÐ MEÐ HELGU GABRÍELU SIGURÐARDÓTTUR

**MATUR**
Ég hef gaman af að prófa nýja hluti, reyni að ferðast sem mest og finna góðan „local" mat.

**DRYKKUR**
Vatn

**VEITINGAHÚS**
Chez Paul

**VEFSÍÐA**
reddit.com

**VERSLUN**
Projekt 3,14

**HÖNNUÐUR**
Le Corbusier

**HREYFING**
Körfubolti

Hvar ertu fæddur og uppalinn? „Foreldrar mínir voru við nám í Þýskalandi þegar ég kom í heiminn, svo ég er fæddur í Heidelberg og bjó þar fyrstu þrjú árin. Síðan fluttum við á Ísafjörð og þaðan í Þingeyjarsýsluna, svo til Akureyrar og loks í Skálholt. Við fluttum til Reykjavíkur þegar ég komst á menntaskólaaldurinn."

***Hvernig stóð á því að þú fórst í fatahönnun?*** „Ég fór að vinna í fataversluninni GK eftir menntaskólann og kynntist fatahönnuðinum Gunnari Hilmarssyni og klæðskeranum Indriða Guðmundssyni. Þeir hvöttu mig til að fara í Listaháskólann og læra fatahönnun. Mér fannst allt svo áhugavert sem þeir voru að gera og Indriði var rosalega vel að sér um iðnaðinn, íslenska hönnuði og listamenn almennt. Hann leiðbeindi mér um listir og við ræddum mikið um hve störf í fatabúðum gefa manni einstaklega góða reynslu til að skoða snið og kynnast efnum og annað. Bæði Gunni og Indriði voru mér innblástur og gerðu það að verkum að ég valdi þessa leið."

***Hvar lærðir þú fatahönnun og hvenær útskrifaðist þú?*** „Ég var í eitt ár í Listaháskólanum en ákvað síðan að sækja um í einum elsta fatahönnunarskóla í Evrópu sem er í Antwerpen í Belgíu. Royal Academy of Antwerpen og Saint Martins-skólinn skara fram úr hvað grunnnám í fatahönnun varðar. Ég hafði búið svolítið í Evrópu og London heillaði mig ekki eins mikið og því varð skólinn í Antwerpen fyrir valinu. Skólinn einblínir mikið á hugmyndavinnu og útskrifar fólk með það að leiðarljósi að fólk geti strax farið að vinna fyrir önnur tískuhús. Það koma margir sterkir hönnuðir úr þessum skóla sem ég var í en bæði yfirhönnuður herralínu Dior og fyrrverandi yfirhönnuður Hugo Boss lærðu þar. Í Antwerpen var ótrúlega þægilegt að búa því það var tiltölulega hagstætt að vera í Evrópu á þessum tíma og flestir voru með vinnuaðstöðu heima hjá sér."

### *Fer sínar eigin leiðir*

***Nú rekur þú þitt eigið hönnunarfyrirtæki, 8045. Förstu óhræddur út í það?*** „Ég þekki marga sem hafa búið í þessum topptískuborgum og unnið fyrir önnur tískuhús en það er oft rosalega dýrt að lifa í þessum borgum og þú færð lítil laun og enga viðurkenningu fyrir það sem þú ert að gera. Það eru ekki margir sem ná að verða sjálfstæðir hönnuðir. Ég kærði mig ekki um að skrimta og vinna myrkranna á milli fyrir engan pening og enga viðurkenningu og því fór ég sjálfur á tískuvikuna í París og kynntist fólki. Fljótlega byrjaði ég að vinna við viðskiptahliðina en ég starfa helst í gegnum París og Antwerpen. Þessa stundina eru höfuðstöðvarnar í húsi foreldra minna í Kópavogi."

***Er þetta harður heimur?*** „Nei, þetta er afskaplega ljúfur og sjarmerandi heimur. Í gegnum þennan iðnað kynnist maður endalaust af frábæru, metnaðarfullu og áhugaverðu fólki og tengist mikið inn í tónlist og listir. Ég hef að mestu leyti kynnst góðu fólki. Það er hins vegar langt frá því að vera auðvelt að ná árangri."

***Hannar þú eingöngu fyrir karlmenn?*** „Já, ég hanna eingöngu fyrir karlmenn. Þessi hátískuherrafatamarkaður hefur stækkað mikið úti í heimi á síðustu fimm til sex árum og það hefur eiginlega orðið til nýr markaður fyrir karlmenn þar sem nýjar verslanir opna og aðrar stækka því úrvalið er betra og meira. Það er hægt að byggja upp svona tískuhús á smærri skala sem er með framleiðslu, sölu, dreifingu og markaðssetningu út um allan heim og það gengur upp því þú þarft ekki margt starfsfólk og getur gert mikið sjálfur. Ef þú ert kominn með rétta kontakta er eftirleikurinn auðveldur. Til að hafa einhver áhrif í kvenfatatískunni þarftu að vera ákveðið merki, annars týnist þú bara í straumnum."

### *KARBON í verslanir erlendis*

***Hvert sækir þú innblástur í þína hönnun?*** „Ég fæ allan minn innblástur frá mínu persónulega lífi. Ég leita eftir stöðugleika og jafnvægi í hönnuninni. Hins vegar er gott að vera forvitinn og skoða allt milli himins og jarðar til að fá t.d. hugmynd að mynstri eða smáatriðum í flíkurnar."

***Finnst þér nauðsynlegt að verða útlærður klæðskeri eða fatahönnuður til að hanna sína eigin fatalínu?*** „Það er allur gangur á því. Það er eitt að hanna fatalínu og annað að selja hana. Það er allavega ekki hægt að reiða sig eingöngu á fagnám í fatahönnun."

***Selur þú KARBON-flíkurnar þínar erlendis?*** „Ég gerði samning við „commercial director"-söluskrifstofu sem sér um sölu á merkinu mínu og það er algjörlega ómissandi. Fyrsta línan er að koma í verslanir í Rússlandi,

**Ég kærði mig ekki um að skrimta og vinna myrkranna á milli fyrir engan pening og enga viðurkenningu og því fór ég sjálfur á tískuvikuna í París og kynntist fólki.**


Bóas Kristjánsson í sýningarsalnum á tískuvikunni í París.






*Það koma margir sterkir hönnuðir úr þessum skóla sem ég var í en bæði yfirhönnuður herralínu Dior og fyrrum yfirhönnuður Hugo Boss lærðu þar.*

## Myndaalbúmið






Bóas á ferðalagi um Evrópu • Kærustuparið í París á fallegri stundu • Margrét Bóasdóttir er fjármálastjóri fyrirtækisins • Jónatan Grétarsson ásamt Bóasi í sýningarsalnum í París

Kanada, Japan, Hollandi og Bretlandi núna í haust. Hún verður til sölu í mun fleiri verslunum næsta vor ef marka má hvernig gengur að selja í París."

***Nú varstu að koma af tískuvikunni í París, hvernig gekk það? Er þetta í fyrsta sinn sem þú sýnir þína hönnun á tískuvikunni?*** „Það gekk mjög vel. Við völdum þá leið að vera með einka „showroom" í tískuvikunni. Það er það sem metnaðarfull fyrirtæki gera. Þetta var í annað skipti sem ég sýni línuna KARBON by Boas Kristjanson en ég sýndi prjónalínu fyrir nokkrum árum sem var ekki ætluð í sölu eða framleiðslu."

***Hefur þú alltaf verið meðvitaður um tísku og hönnun?*** „Nei, það var aldrei sérstaklega mikill partur af mínu lífi framan af svo það var ekki beint eitthvað sem ég hafði áhuga á. Ég lagði meira fyrir mig tónlist og íþróttir þegar ég var yngri. Ég var meðal annars í kór og söngnámi."

### Mikill vöxtur í herrafatnaði

***Hvaða íslenska og erlendu hönnuðir þykir þér gera flotta hluti?*** „Það er gríðarlega mikið af góðum hönnuðum á Íslandi. Það er frábært að nýlega hafa þeir fengið aukna athygli í gegnum Reykjavík Fashion Festival og HönnunarMars. Ég veit ekki betur en að þrjú til fjögur fyrirtæki hafi verið að sýna í París á tískuvikum að undanförnu. Það hefur verið mikill vöxtur undanfarin ár í hátískukarlmannafötum erlendis og sá markaður er hvað mest í sókn. Eitt áhugavert dæmi er til dæmis Boris Bidjan Saberi."

***Hefur þú fengið góða fjárfesta til að styðja við bakið á þér?*** „Fyrirtækið hefur fengið góðan stuðning frá vinafólki en enga umtalsverða fjárfestingu að svo stöddu. Fyrir okkur skiptir máli að komast eins langt á eigin úrræðum áður en við tökum inn fjárfesta. Þessi síðasta tískuvika í París sýndi okkur að áætlanir okkar voru byggðar á góðum grunni og varan stóðst ákveðið gæðapróf frá kaupendum búðanna sem fer fram í „showroom-i" eins og því sem við settum upp. Mamma er fjármálastjóri fyrirtækisins svo hún heldur vel utan um hlutina og kemur með á allar sýningar."

***Hverjir eru framtíðardraumarnir?*** „Ég er að vinna mikið með íslenskt hráefni og tengi mína hönnun mikið við Ísland. Ég sé fyrir mér að hafa alltaf ákveðið aðsetur á Íslandi og vinna bæði með fatahönnun og hönnun almennt og bæta við mig verkefnum sem hafa með íslenska náttúru að gera. Ég hef áhuga á að teikna hús og gera húsgögn og vinna með íslenska orku. Ég hef mikið verið að rannsaka það undanfarin ár og það er því svona framtíðarverkefni. Annars langar mig að gera KARBON by Boas Kristjanson að þekktu vörumerki í tísku, taka þátt í opinberri dagskrá tískuvikunnar í París og selja í virtustu verslunum um allan heim."

Total Effects 7in1 hlaut nýverið vottun & gæðastimpil SKIN HEATH ALLIANCE

OLAY TOTAL EFFECTS



total effects 7X

1. Verndar húðina og er andoxunarríkt
2. Dregur úr hrukkum og fínum línum
3. Gefur heilbrigðan og jafnan húðlit
4. Fjarlægir dauðar húðfrumur
5. Dregur saman svitaholur
6. Næringaríkur rakagjafi
7. SPF 15-20 sólarvörn

OUR ORIGINAL BB cream ANTI-AGEING



Olay er á meðal stærstu húðkremaframleiðenda í heimi og eru fremstir á sviði þróunar á virkum andlitskremum í samanburði við önnur dýrari krem.

**Sölustaðir:** Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli. **Hagkaup:** Kringlunni, Skeifunni & Smáralind. **Lyf og Heilsa:** Austurveri, Eiðistorgi, Hringbraut, Kringlunni. Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Lyfjaborg, Nana Hólagarði & Urðarapótek. **Landið: Lyf & Heilsa:** Glerártorgi, Hveragerði og Vestmannaeyjum. KS Sauðarkróki.

medico.is


Helena Reynisdóttir á framtíðina fyrir sér sem listakona enda einungis 19 ára.

# KÚNST TEIKNAR FRÆGA FÓLKIÐ

***Helena Reynisdóttir er hæfileikarík listakona sem hefur vakið áhuga annarra listamanna á Instagram***

Helena Reynisdóttir er 19 ára listakona sem hefur fengið mikla athygli fyrir einstaklega nákvæmar portrait-myndir af fólki. Aðeins 17 ára gömul hélt hún sína fyrstu sýningu en þá teiknaði hún andlitsmyndir af þekktum íslenskum leikurum. Síðan þá hefur hún haldið sýningar á hverju ári og nú síðast rannsakaði hún vatn og vatnsglös sem hún teiknaði upp og hélt sýningu í Energia í Smáralind. Sýningin fékk góðar undirtektir og verkin seldust vel. Helena segir að það krefjist mikillar undirbúningsvinnu að setja upp sýningu og því sé kominn tími á örlitla pásu frá sýningarhaldi. Helena stundar nám við FG á listabraut en listin er í blóðinu því móðir hennar er myndlistarkennari og hefur því verið henni til halds og trausts í sköpuninni. „Ég mála mikið eftir pöntunum í dag en þetta er eins og önnur vinnan mín því það er búið að vera rosalega mikið að gera. Svo er ég búin að vera deila myndunum mínum á Instagram og það hafa ótrúlega margir listamenn séð þær, deilt þeim og like-að,“ segir Helena Reynisdóttir.







***Ég hef deilt myndunum mínum á Instagram og það hafa ótrúlega margir listamenn deilt þeim og like-að.***







Teikningar Helenu Reynisdóttur hafa vakið mikla athygli og hún er nánast í fullu starfi við að teikna eftir pöntunum.

AUGLÝSING: EXTENT KYNNIR

# VIRKAR VEL Á GIGT OG ASTMA

**Lyprinol er fæðubótarefni, unnið úr nýsjálenskum kræklingum. Það inniheldur fjölda fitusýra og þykir afar áhrifaríkt. Sýnt hefur verið fram á að efnið hafi bólgueyðandi áhrif og virki vel á liðagigt, slitgigt og astma.**

Lyprinol hefur undraverð áhrif á liðverki og astma. Fæðubótarefnið, sem er unnið úr nýsjálenskum kræklingum, inniheldur andoxunarefni, Omega-3 fitusýrur, OTA (octadectetraenoic acid), ETA (eiocosatetraenoic acid) og DHA (docosahexaenoic acid).

„Í Lyprinol eru 92 gerðir fitusýra. Til samanburðar má nefna að í fiskiolíu eru þær fimm til sjö,“ segir Ingibjörg Þorvaldsdóttir hjá heildsölunni Extent ehf., sem flytur efnið inn og bendir á nýlega rannsókn sem framkvæmd var í Póllandi. Hún sýndi fram á að Lyprinol hefur mun betri áhrif á liðagigt en fiskiolía. Fimmtíu liðagigtarsjúklingum var skipt í tvo hópa. Annar tók inn Lyprinol og hinn fiskiolíu í tólf vikur. Lyprinol dró úr sjúkdómseinkennum gigtar um allt að 89%. Sjúklingarnir sem tóku inn fiskiolíuna fundu hins vegar lítinn mun.

Þá hefur verið sýnt fram á að efnið minnki áreynsluastma og hefur það meðal annars reynst hlaupurum vel. Rannsókn sem gerð var á Nýja-Sjálandi í fyrra gefur sömuleiðis til kynna að efnið hafi góð áhrif á börn með astma og dró verulega úr sjúkrahúsinnlögnum þeirra sem tóku Lyprinol auk þess sem þau gátu minnkað við sig astmalyfin.


Lyprinol hefur bólgueyðandi áhrif og virkar meðal annars á slitgigt, astma, stirðleika, berkjukrampa, vöðvabreytu og auma og stífa liði. MYND/VILHELM

Ingibjörg hefur sjálf góða reynslu af Lyprinol. „Ég kynntist Lyprinol þegar ég vann við umönnunarstörf í Noregi árið 1996. Ég var að annast gigtveika konu og var mjög slæm í mjöðmunum. Ég skreiddist upp í rúm eftir vinnu og þá benti hún mér á Lyprinol sem hafði reynst henni vel. Ég tók það inn í nokkra mánuði og verkirnir hurfu,“ lýsir Ingibjörg. Eftir að hún flutti aftur til Íslands vonaðist hún eftir því að einhver myndi hefja innflutning fæðubótarefnisins, en það er útbreitt í Bandaríkjunum og víða í Evrópu. „Þegar ég sá að lítil hreyfing var á því ákvað ég að hefja innflutning sjálf.“

Enn sem komið er fæst efnið aðeins á **www.lyprinol.is**. „Þetta er tiltölulega dýrt efni en með því að selja það milliliðalaust næ ég að halda verðinu niðri.“ Á síðunni er að finna frekari fróðleik um efnið.

*Uppáhalds*

# KONUR ILMA AÐ BAKI UPPÁHALDS ILMINUM BÝR OFTAST EINHVER SAGA



**Guðlaug Elísa Einarsdóttir**
eigandi verslunarinnar Suzie Q

„Ilmvatnið heitir Mûre et Musc og er frá L'Artisan Parfumeur. Ilminn fékk ég í Aurum og þetta var ást við fyrstu sýn. Ilmurinn er blanda af „musk“ og brómberjum og var þróaður árið 1978 og hefur haldist óbreyttur síðan. Ég hef alltaf heillast af „musk“ og þessi blanda er fullkomin því hún er ekki of þung og hentar því við öll tækifæri. Mjög hlýr og kynþokkafullur ilmur enda hefur „musk“ lengi verið þekkt fyrir að hafa aðlaðandi áhrif. Ég hvet allar konur til að kynna sér ilmtegundirnar frá þessu dásamlega franska merki.“



**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**
formaður Heimdallar

„Uppáhalds sumarilmvatnið mitt er Daisy frá Marc Jacobs. Það hefur svona léttan blómailm sem mér finnst einmitt mjög sumarlegur. Það er svo ljúft og í miklu uppáhaldi því að móðir mín heitin átti það og það minnir mig á hana, ég er enn með hennar flösku, en mun alveg pottþétt kaupa það aftur þegar hún loksins klárast.“

# SENSAI

## BRONZING GEL

Sensai Bronzing gelið frá Kanebo er framleitt úr 70% vatni og hinu einstaka Koishimaru silki. Það sveipar húðina frískandi raka og gegnsæjum lit sem heldur húðinni rakri og geislandi fallegri.

„Þetta gel er bara snilld! Ég hef notað það í mörg ár, bæði eitt og líka blandað við Make Up. Húðin fær aukinn ljóma. Elska þetta gel og nota það daglega. Mæli algjölega með því!“

***Ásdís Oddgeirsdóttir***

„Þetta er vara sem er alveg ómissandi. Hef alltaf verið í vandræðum með að nota meik því ég er með svo þurra húð. Eftir að ég kynntist Sensai Bronzing gelinu var öllu mínu meiki hent og nota ég gelið eingöngu og á hverjum degi. Þetta er sko mitt uppáhalds.“

***Guðrún Viðarsdóttir***

„Bronzing gelið frá Kanebo er án efa ein mesta snilldar uppfinning í húðvörum sem framleidd hefur verið fyrir konur og karla. Það er göldrum líkast því þetta hefur svo margslungna eiginleika s.s. þetta „Natural Glow“, raka, fallegan lit og hæfilega þekju. Yfir sumartímann er þetta nóg eitt og sér og yfir veturinn er þetta „lifesaver“ fyrir okkur þegar húðin er orðin föl og litlaus. Einn af mörgum kostum er að gelið smitast ekki í föt og þess vegna er óhætt að setja það á háls og bringu. Segi það og skrifa, get ekki verið án þess. Love it! “

***Sif Davíðsdóttir***

„Bronzing gelið er ómissandi eins og maskarinn! Gefur fullkominn lit og er svo léttur farði á húðina. Mér líður allavega ekki eins og ég sé með grímu eins og oft þegar ég reyni að setja á mig meik! Mér finnst húðin alltaf í góðu jafnvægi því gelið gefur svo mikinn raka. Það er nauðsynlegt þegar maður til dæmis flýgur mikið eins og ég, þar sem ég vinn sem flugfreyja á sumrin og bý í Noregi og flakka mikið á milli til Íslands.“

***Birna Ósk Sigurbjartsdóttir***




Kanebo
INTERNATIONAL

...SPJÖRUNUM ÚR



## Gunnleifur Vignir Gunnleifsson

**ALDUR:** 37
**STARF:** Knattspyrnumaður, þjálfari og nemi.

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Eiginkonu mína rétt áður en ég steig upp í rútu með blikaliðinu þar sem haldið er til Andorra (ég er mikill faðmari).

**En kysstir? Sömuleiðis eiginkonu mína, Hildi Einarsdóttur. Ég fékk langan og góðan.**

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Vinir mínir og fjölskylda vita að mér þykir óþægilegt að láta koma mér á óvart. Þannig að það er lítið um það og svo langt síðan að ég man það ekki.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búinn að umbera allt of lengi?** Ég hef fullt af göllum, en sá stærsti má ekki líta dagsins ljós hér.

**Ertu hörundssár?** Nei, ekki lengur. Var mjög hörundssár þegar ég var yngri.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Alls ekki. Dans er er stórlega ofmetið fyrirbæri. Konan reynir að draga mig út á gólfið stundum. En nei, ég dansa helst aldrei.

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Síðast þegar ég dansaði í vetur.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Aldrei. Staðfastur í að væla ekki.

**Tekurðu strætó?** Nei. Hef ekki notað strætó síðan ég fór með bakpoka í bæinn sem unglingur.

**Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag?** Sennilega 30 mínútum að meðaltali sem er alltof mikið. Fæ alltaf samviskubit ef ég er lengur en hálftíma í senn.

**Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Fer eftir hvort ég þekki þá persónulega. Annars fer ég ekki hjá mér við neitt nema þegar ég dansa.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Tja – ég hlusta mikið á Michael Buble og finnst líka Nosa-lagið gott. Er annars grjótharður rokkari.

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Drekka áfengi. Drekk ekki áfengi og finnst ekki líklegt að byrja á því um helgina.

# HELGARMATURINN SUMARLEGT LAKKRÍSLAMB

*Sandra Björg Gunnarsdóttir viðskiptafræðinemi og þjónn á Tilverunni er mikill sælkeri og elskar að búa til góðan mat. Hún deilir hér með Lífinu skemmtilegri uppskrift að lakkríslambi.*



**Fyrir 6 manns:**
**900 g lambafilet með fitunni**
**Lakkríssalt frá Saltverk**
**Grófmalaður pipar**
**sólblómaolía**
**Sumarsalat:**
**Klettasalat eða annað bragðgott kál**
**1 lítil askja jarðarber**
**¼ melóna, gul eða rauð**
**Kartöflusalat:**
**6 stórar kartöflur**
**½ rauð paprika**
**1 klípa fersk basilika**
**½ tsk. grófmalað salt**
**10% sýrður rjómi**
**Dressing:**
**½ gúrka**
**Safi úr ¼ sítrónu**
**Smá sýrður rjómi**

Eftir að hafa skellt kartöflunum í pott (láta sjóða í um 40 mín.) byrjaði ég á að skera þvert í fituna á lambinu og nudda það með 3-4 tsk. af lakkríssalti og skvettu af sólblómaolíu. Ofninn stilli ég á 200°C. Ég vil líka benda á að nota ekki ólívuolíu því hún brennur við mun minni hita en sólblómaolía. Ég blandaði saman gúrku, sýrðum rjóma og sítrónusafa með töfrasprotanum þar til allt var orðið vel maukað. Því næst skar ég niður soðnar kartöflur, saxaða basiliku og papriku. Öllu var blandað saman með sýrða rjómanum og smá salti. Skellti því svo í kæli.
Lambið var piprað og steikt við fullan hita í 2-3 mín. á hvorri hlið á pönnu(fituna niður) og sett svo í ofn í eldfast mót. Lambið má svo vera í 8-15 mín. í ofninum.



TRI



REACTION GTC PRO 26" - 369.990 KR
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.TRI.IS

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

# CUBE CARBON



## CUBE AGREE
GTC COMPACT
- 299.990 KR



## CUBE AGREE
GTC RACE COMPACT
- 449.990 KR



## CUBE AGREE
GTC SLT
- 519.990 KR



## CUBE LITENING SUPER HPC RACE
- 799.990 KR



CUBE REACTION GTC RACE 29" - 399.990 KR



CUBE REACTION GTC SL 29" - 449.9990 KR



CUBE REACTION GTC SLT 29" - 499.990 KR



## ELITE SUPER HPC RACE 29"
- 669.990 KR

TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

SKEMMTILEGT
FÖSTUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:

2 | 2 GULL | 2 BÍÓ | 2 krakkar | POPP TÍVÍ



19:15
2 THE SIMPSONS
Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektarsamari.



19:35
ARRESTED DEVELOPMENT
Stórskemmtileg gamanþáttaröð um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu.




20:05
2 BESTA SVARIÐ
Ragnhildur Gísladóttir verður gestur Sverris Þórs Sverrissonar, Sveppa, í spurninga- og skemmtiþættinum.



7:00-20:00
2 krakkar BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



22:00
2 BÍÓ BAD TEACHER
Geggjuð gamanmynd með Jason Segel, Justin Timberlake og Cameron Diaz í aðalhlutverkum.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

2 HD


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 7 | 3 | | | | 5 |
| | 5 | | | 9 | | 6 | | 7 |
| | | | 8 | | | | 2 | 3 |
| | | 5 | 2 | | | | 9 | |
| | 1 | 4 | | 6 | | 7 | | |
| 2 | 3 | | | 1 | | 4 | | |
| | | | | 8 | | | | |
| 3 | | | 1 | | | | | 4 |
| 1 | 6 | 7 | | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 4 | 8 | | | | 2 | 9 |
| 8 | 9 | | 7 | 1 | | | | |
| | | | | 6 | | 5 | | 8 |
| | | 6 | | | 8 | | 5 | |
| 7 | | 8 | | | | | 6 | 1 |
| 5 | | | | 4 | | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | 4 |
| | | 1 | | | 4 | 9 | | |
| | | | | 5 | | 7 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 2 | | 5 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| 2 | | | | | 5 | | 9 | |
| 5 | | | | | 4 | 1 | | |
| | 1 | 4 | 5 | | 3 | | 2 | |
| 6 | | 9 | | 1 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 8 | | 4 | 6 |
| | | 1 | | | | 9 | | |
| 4 | | | 2 | 6 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 3 | 2 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 5 | 4 | 6 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 2 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

**Vertu þú sjálfur; allir hinir eru þegar fráteknir.**

*Oscar Wilde*



### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** páfagaukur, **6.** í röð, **8.** skítur, **9.** prjónavarningur, **11.** tveir eins, **12.** máluð, **14.** fótmál, **16.** tónlistarmaður, **17.** gljúfur, **18.** stansa, **20.** kvað, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sleipur, **3.** snæddi, **4.** tré, **5.** svelg, **7.** biturð, **10.** stykki, **13.** sarg, **15.** svif, **16.** náinn, **19.** til.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gári, **6.** áb, **8.** tað, **9.** les, **11.** uu, **12.** lituð, **14.** skref, **16.** kk, **17.** gil, **18.** æja, **20.** ku, **21.** raða.
**LÓÐRÉTT: 1.** háll, **3.** át, **4.** rauðeik, **5.** iðu, **7.** beiskja, **10.** stk, **13.** urg, **15.** flug, **16.** kær, **19.** að.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ein allra skemmtilegasta skákin á FIDE Grand-mótinu í Peking var tefld í gær þegar heimamaðurinn Wang Hao vann Anish Giri í aðeins 21 leik. Eftir aðeins sex leiki kom þessi staða upp.**

**Hvítur á leik**



7. Bxf7+!? Kxf7 8. Rg5+ Ke8 (aðrir leikir til taps t.d. 8....Kg6 þá 9. f4 með óstöðvandi sókn) 9. Re6 c5 10. Dd1 Db6 11. Rxg7+ Kf7 12. Rf5 Bf8 13. 0-0 d5 14. Rxd5 Rxd5 15. Dxd5 Ke6 16. Bg5! Dg6 17. Had1 Hg8 18. f4 a5. Lok skákarinnar í skákdálki morgundagsins.

**www.skak.is** Grischuk og Mamedyarov efstir eftir 7 umferðir.

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGU-GREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

# LAGERHREINSUN
## Á ARINELDSTÆÐUM





**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM




**Tilboðin gilda 11. - 14. júlí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**nettó**
*í sumarskapi*



**KLEINUHRINGIR**
USA - BAKE OFF
**95**
ÁÐUR 189 KR/STK
afsláttur **50%**



**SÚKKULAÐITERTA**
USA
**959**
ÁÐUR 1.598 KR/STK
afsláttur **40%**







**BEN & JERRYS ÍS 500ML**
**979**
ÁÐUR 1.398 KR/STK
afsláttur **30%**




**HYTOP GRILLKOL**
3,8KG
**698** KR/STK

**HYTOP ÁLPAPPÍR**
22,8M - 30CM BREIÐUR
**386**
ÁÐUR 489 KR/STK

**HYTOP ÁLPAPPÍR**
7,6M - 30CM BREIÐUR
**159**
ÁÐUR 199 KR/STK

**HYTOP ÁLPAPPÍR**
11,4M - 45CM BREIÐUR
**299**
ÁÐUR 379 KR/STK




**MARSHMALLOWS**
HY TOP 283 G
**262**
ÁÐUR 349 KR/KG
afsláttur **25%**



**FRUMFLUTNINGUR Á ÍSLANDI** Gunnar þreytir frumraun sína í flutningi á eigin verki hérlendis í Hörpu í kvöld. Auk hans koma fram fimm önnur ung tónskáld með eigin verk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gera tilraunir með tvo ólíka hljóðheima

Sex ung tónskáld koma saman í Kaldalóni í Hörpu í kvöld og flytja eigin tónlist. Eitt þeirra er Gunnar Gunnsteinsson sem stundar tónsmíðanám í Hollandi og hefur ekki áður flutt frumsamið verk á Íslandi.

Við erum að gera tilraunir með að blanda saman akústík og rafhljóði. Láta reyna á samspil þessara tveggja hljóðheima.“ segir Gunnar Gunnsteinsson, eitt tónskáldanna sem frumflytja eigin verk á tónleikunum Upp rís úr rafinu í Kaldalóni í Hörpu í kvöld. „Þetta eru sex tónskáld, flest nýútskrifuð úr Listaháskóla Íslands, og hvert okkar fer sína leið við að flytja sitt verk.“

Tónskáldin eru, auk Gunnars, þau Árni Guðjónsson, Bergrún Snæbjörnsdóttir, Finnur Karlsson, Halldór Smárason og Haukur Þór Harðarson og hafa þau hvert um sig sérvalda hljóðfæraleikara sér til aðstoðar. „Það er þarna strengjakvintett í einu verkinu og tveir rafmagnsgítarar í öðru, þannig að þetta er mjög fjölbreytt tónlist,“ segir Gunnar.

Gunnar stundar nám í tónsmíðum í Amsterdam í Hollandi. Þetta er í fyrsta sinn sem hann flytur eigið verk hérlendis. „Ég hef ekki komið fram sem tónskáld áður, en leikið á kontrabassa með alls konar hljómsveitum í grasrótinni. Tónsmíðanámið þróaðist síðan upp úr því.“

Hvers vegna ætti fólk að mæta á tónleikana í kvöld? „Ég held það sé bara mjög áhugavert að sjá og heyra hvernig við leikum okkur með þessa tvo hljóðheima sem útgangspunkt fyrir tónsmíðar,“ segir Gunnar. „Ef fólk hefur áhuga á tónlist yfirhöfuð og nýjum leiðum til að nálgast tónsköpun þá held ég að það sé mjög áhugavert að mæta í kvöld.“

Tónleikarnir eru styrktir af Ýli, tónlistarsjóði Hörpu fyrir ungt fólk, og Gunnar segir hafa munað mikið um það. „Það er ansi dýrt að halda tónleika í Hörpu þannig að þetta breytti miklu fyrir okkur,“ segir hann. „Við hefðum ekki getað þetta án styrksins.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

fridrikab@frettabladid.is




# Litla ljót og galni afinn

BÆKUR ★★☆☆☆




**Flekkuð**
Cecilia Samartin
Þýðing: Nanna B. Þórsdóttir
**VAKA-HELGAFELL**

Suður-amerískar töfraraunsæissögur nutu mikilla vinsælda og aðdáunar á áttunda og níunda tug síðustu aldar. Þar blandaðist saman framandi heimsmynd, gamlar sagnir og oftar en ekki framúrskarandi texti svo úr varð suðupottur ástríðna og lita sem Vesturlandabúar hökkuðu í sig. Flekkuð er markaðssett sem angi af þessum meiði, en því miður er þar fátt að finna sem gerði sögur eins og Hús andanna og Hundrað ára einsemd að eftirlætisbókum heillar kynslóðar.

Ástæður þess eru mýmargar en þó fyrst og fremst sú að höfundurinn Cecilia Samartin hefur hvorki þá sagnagáfu né stílfimi sem til þarf að skapa eftirminnilega sögu. Saga mexíkósku stúlkunnar Jamilet, sem ber mark djöfulsins á bakinu, og spænska sérvitringsins Peregrínó, sem hún hjúkrar á geðveikrahæli, hefur öll element sem til þarf í magnaða frásögn en lyppast niður í loðmullulegt melódrama þar sem hvorki vottar fyrir mannþekkingu né þjóðfélagslegri gagnrýni. Að líkja bókinni við bækur Isabel Allende er ekki bara lymskuleg og fölsk markaðssetning heldur beinlínis móðgun við Allende.

Í stuttu máli fjallar sagan um uppvöxt Jamilet í litlu þorpi í Mexíkó og eineltið sem hún verður fyrir frá fávísum þorpsbúum vegna valbrár á baki sem þjóðtrúin skilgreinir sem merki djöfulsins sjálfs. Heldur er þó farið hratt yfir sögu og lítil áhersla lögð á lýsingar á andrúmslofti þorpsins, óttann og einangrunina. Á unglingsárum flýr Jamilet síðan til Los Angeles þar sem hún fær vinnu við að sinna hinum spænska Peregrínó á hælinu. Eftir það skiptist sagan nokkuð jafnt á milli lýsinga á daglegu lífi hennar og sögu gamla mannsins um það þegar hann gekk Jakobsveginn til Santíagó á Spáni sem ungur maður. Á dæmigerðan Hollywoodmáta leysast síðan öll vandamál á örskotsstundu og lesandinn situr eftir klórandi sér í kollinum yfir þessari fljótaskrift á málum. Persónur beggja aðalpersónanna eru auk þess lítt sannfærandi og aukapersónur stela oft á tíðum senunni, einkum hin skapstóra og drykkfellda frænka Carmen. Engin tilraun er gerð til að lýsa aðstæðum ólöglegra innflytjanda í BNA, allt flýtur þetta áfram átakalítið fyrir utan stöku ástarsorg. Sannarlega illa farið með góðan efnivið.

Þýðing Nönnu B. Þórsdóttur er hin læsilegasta og rennur vel, en góð þýðing er engan veginn nóg til þess að gera þessa sögu ánægjulega aflestrar.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Ansi þunn og grunn saga um mjög áhugavert efni.



**LISTAKONAN** Leggur allt að jöfnu, hvort sem efnið er plastdrasl og pípuhreinsarar eða eitthvað sem hún hefur lagt vinnu í að vefa. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Gerir lítið úr miklu og öfugt á Gangi þér vel

Arna Óttarsdóttir opnar sýninguna Gangi þér vel í Kunstschlager, Rauðarárstíg 1, á morgun klukkan 20.

„Áherslan er á að allt sé jafn mikilvægt, hvort sem efnið er plastdrasl og pípuhreinsarar eða eitthvað sem ég hef lagt vinnu í að vefa sjálf. Ég tel ekkert merkilegra en annað og legg allt að jöfnu,“ segir Arna Óttarsdóttir listakona um sýninguna Gangi þér vel sem hún opnar í Kunstschlager að Rauðarárstíg 1 annað kvöld klukkan átta.

Listaverk sem eru nytjahlutir eða nytjahlutir sem eru listaverk rúmast á sýningunni, að sögn Örnu, jafnvel hlutir sem lenda þar mitt á milli. „Ég geri lítið úr miklu og mikið úr litlu og nota ljósa liti svo það er bjart yfir öllu og létt stemning.“

Arna hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga, bæði hér á Íslandi og erlendis. Undanfarin ár hefur vefnaður og textíll verið áberandi í verkum hennar.

Sýning hennar í Kunstschlager stendur til 27. júlí. - gun

Klezztann Júlíuz




Litríkt á bragðið

facebook.com/noisirius

NÓI ZÍRÍUS

Brandenburg

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR

# Rafrænir tónleikar undir Jökli

Helstu raftónlistarmenn Íslands munu spila á tónlistarhátíð á Snæfellsnesi um helgina. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin fer fram.

„Það eru bara nokkrir miðar eftir en við erum búnir að selja um 400 miða. Það er búin að vera sól hérna í þrjú ár í röð og ég er viss um að veðrið geri hátíðina enn flottari fyrir vikið því þá er svo mikil „mystík“ yfir öllu. Þetta er svolítið eins og fara í annan heim,“ segir Pan Thorarensen, einn þriggja skipuleggjenda hátíðarinnar sem fer fram helgina 12. til 14. júlí. Íslenska raftónlistarhátíðin Extreme Chill Festival – Undir jökli verður haldin á Hellissandi við rætur Snæfellsjökuls og þetta er í fjórða sinn sem hátíðin fer fram. Um tuttugu íslenskir tónlistarmenn spila á hátíðinni í ár en þeir eru engir nýgræðingar. Einnig spila fjórir erlendir tónlistarmenn en það eru Mixmaster Morris frá Bretlandi, Mimetic frá Sviss, Fishimself frá Grikklandi og Le Sherifs frá Egyptalandi.

➜ Raftónlistarhátíðin Extreme Chill Festival fékk úthlutað úr menningarsjóði Kraums annað árið í röð í ár.

Hátíðin hefur fengið góða umfjöllun erlendis því breska dagblaðið The Guardian kaus tónlistarhátíðina eina af fimmtán athyglisverðustu tónlistarhátíðum í Evrópu árið 2012 sökum staðsetningar og umhverfis. Hellissandur er lítill bær yst á norðanverðu Snæfellsnesi en á svæðinu eru nýuppgerð tjaldsvæði með salernis- og sturtuaðstöðu. Dagskrá hátíðarinnar hefst á föstudagskvöldið í félagsheimilinu Röst kl. 20 en félagsheimilið er gamalt kvikmyndahús og því verða einnig nokkrir vídeólistamenn með sem sjá um allt myndefni á hátíðinni. Miðverð á hátíðina er 6.900 krónur.

marinmanda@frettabladid.is



**SKIPULEGGJENDUR HÁTÍÐARINNAR** Pan Thorarensen ásamt Andra Má Arnlaugssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**FÖSTUDAGUR 12. JÚLÍ 2013**

### Tónleikar

**12.00** Í kvöld leikur Þorvaldur Már Guðmundsson gítarleikari sólóverk samin fyrir flamenco-gítar í Háteigskirkju. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.00 og taka um hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

**22.00** Hljómsveitin Valdimar treður upp á Græna hattinum, Akureyri í kvöld klukkan 22.00. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Hljómsveitin Múgsefjun skemmtir á Café Rosenberg í kvöld klukkan 22.00. Aðgangseyrir á tónleikana er 1.500 krónur.

**23.00** Hljómsveitirnar Johnny and the rest og Foma halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í kvöld klukkan 23.00.

### Tónlist

**17.00** Lokatónleikar rokksumarbúðanna á vegum Stelpur rokka! klukkan 17.00 í húsnæði TÞM, Hólmaslóð 2 í dag. Átta hljómsveitir munu flytja frumsamin lög sem eru afrakstur mánaðarlangra rokksumarbúða fyrir stelpur á aldrinum 12 til 16 ára. Aðgangur ókeypis.

**20.00** Tónleikarnir Upp rís úr rafinu, sem helgaðir eru akústískri raftónlist, verða haldnir í Kaldalóni Hörpu í dag klukkan 20.00. Þar munu tónskáldin Árni Guðjónsson, Bergrún Snæbjörnsdóttir, Finnur Karlsson, Gunnar Gunnsteinsson, Halldór Smárason og Haukur Þór Harðarson temja skepnur rafsins hver á sinn hátt svo þær leiki um skyn áheyrandans ýmist í samhljómi með akústískum hljóðfærum eða syngjandi einar síns liðs. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**21.00** Í dag, 12. júlí heldur færeyska söngkonan Eivör hljómleika í Gamla Gauknum. Á undan henni syngur og spilar færeyska söngkonan Dorthea Dam. Eftir hljómleika Eivarar spilar Hljómsveit Sigga Ingimars. Húsið opnað klukkan 21.00. Aðgangseyrir 3.900 krónur.

### Myndlist

**14.00** Síðasti sýningardagur á sýningu Hlyns Hallssonar í Kartöfluggeymslunni í Listagilinu á Akureyri er í dag. Sýningin er opin frá klukkan 14 til 16. Á sýningunni gefur að líta verk frá síðustu 13 árum ásamt nýjum verkum. Þetta eru ljósmynda- og textaverk, spreyverk, prent og eitt bókverk. Kartöflugeymslan, Kaupvangsstræti 29, 600 Akureyri.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*

# Eivör syngur í kvöld

Eivör Pálsdóttir heldur tvenna tónleika á Íslandi um helgina. Hún verður á Gamla Gauknum í kvöld.

Söngkonan færeyska Eivör Pálsdóttir heldur tónleika á Gamla Gauknum í kvöld. Eivör gaf út plötuna Room í fyrra en platan inniheldur tíu lög sem öll eru flutt á ensku. Söngkonan verður á tónleikaferðalagi í sumar en hún mun meðal annars spila í Eistlandi, Danmörku og Noregi. Langt er síðan Eivör spilaði hér á landi og geta þeir, sem vilja berja söngkonuna augum, gert sér ferð á Gaukinn í kvöld. Á laugardaginn heldur Eivör norður þar sem hún mun halda tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Tónleikarnir á Gauknum í kvöld hefjast klukkan 22 og miðinn kostar 3.900 krónur. Hægt er að kaupa miða á Gamligaukurinn.is.



**EIVÖR** Söngkonan gaf út plötuna Room í fyrra, en allir textarnir eru á ensku.




# FUNHEITAR EÐA SVALAR *í grillveisluna*

Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
eða kartöflusalat
með hrásalati.

**Einfalt og gott!**






SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| WORLD WAR Z 3D LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEAT | KL. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 11 | 16 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HEAT | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS THE END | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL 8 - 10.50 | 16 |
| THE PURGE | KL 10.35 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 | 7 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HEAT | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 5.40 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 - 10.10 | 16 |

Miðasala á: midi.is og Miði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| WORLD WAR Z | 8 - 10.30 |
| THE HEAT | 5.30 - 8 - 10.30 |
| THIS IS THE END | 8 - 10.20 |
| THE ICEMAN | 5.40 |
| EPIC 2D | 5.40 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WORLD WAR Z VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 6 - 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 11 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 9 | L |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL 2D | KL. 6 TILBOÐ 400 KR. | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 | 12 |
| THE HEAT | KL. 8 - 10:30 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 7 - 10 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 7 - 10 | 12 |
| PAIN & GAIN | KL. 10 | 16 |
| THE BIG WEDDING | KL. 5 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 2D | KL. 5:30 - 9 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 - 10:30 | L |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 5 | 12 |


# Hvers virði eru launin

**BAKPANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Eru launin ekki miklu lægri?" er spurning sem ég fæ reglulega frá fólki þegar það heyrir að ég hafi sagt upp starfi mínu sem byggingaverkfræðingur og sinni nú íþróttafréttamennsku. Svarið vita þau jafn vel og ég.

**EFTIR** fimm ára háskólanám á sviði verkfræði og þrjú ár í starfi á ljómandi fínum verkfræðistofum hér heima og vestanhafs langaði mig að prófa eitthvað annað. Reyndar ekki bara eitthvað annað. Mig langaði að vinna við eitthvað sem ég hefði raunverulegan áhuga á.

**FRÁ** því ég man eftir mér voru íþróttafréttir, hvort sem var á prenti, í útvarpi eða sjónvarpi, það eina sem hélt athygli minni þegar kom að fréttum. Og gott betur. Þeim mátti ekki missa af. Ég var því nokkuð viss um að mér myndi líða vel í starfi þess sem fréttirnar flytur.

**LAUNIN** eru vissulega lægri en, eins og hjá vonandi flestum sem byggja þetta land, duga þau fyrir því sem skiptir máli. „Þú verður aldrei ríkur," sagði einn við mig, sem er kórrétt. Landsliðskonur Íslands í knattspyrnu, sem spila sem atvinnumenn erlendis, verða ekki ríkar af því. Þær eiga í sig og á, vinna við garðyrkju eða stunda fjarnám meðfram aðalvinnunni. Vinnan finnst þeim nógu skemmtileg til að leggja drauminn um einbýlishús á Arnarnesinu á hilluna.

**Í ÁTTA** klukkustundir á dag, sem verða oftar en ekki að níu eða tíu, ýmist á daginn eða kvöldin og reglulega um helgar, hef ég gaman af því sem ég er að gera. Ég er hættur að bíða eftir föstudögunum og mæti spenntur í vinnuna þar sem hver dagur er skemmtilegri en sá á undan. Allt í lagi, kannski ekki alveg, en í það minnsta ólíkur þeim á undan.

**56.400** klukkustundir, átta klukkustunda vinnudagur í 47 vikur yfir þrjátíu ár, er langur tími. Það er kannski ekki svo óskiljanlegt að maður vilji verja slíkum tíma við að gera eitthvað sem manni finnst skemmtilegt. Reyndar er ég aðeins búinn með um 2.000 klukkustundir eða um þrjú prósent af áður áætluðum heildartíma en enn sem komið er ég ánægður. Aðrir mega vera ríkir.

# Falleg á frumsýningu

Fyrsti þáttur úr annarri þáttaröð af The Newsroom var frumsýndur í Hollywood á miðvikudaginn. Aðalleikarar þáttanna voru að sjálfsögðu allir viðstaddir frumsýninguna en fyrsta þáttaröðin hlaut tvær tilnefningar til Golden Globe-verðlauna í janúar.



**Í SÍNU FÍNASTA PÚSSI** Jeff Daniels leikur fréttasnápinn Will McAvoy í þáttunum, en Daniels var glæsilegur í bláum jakkafötum og með ljósblátt bindi.




**LÉTT OG LÁTLAUST** Constance Zimmer var falleg í látlausum kjól á rauða dreglinum.



**HRESS PATEL** Dev Patel, sem margir muna eflaust eftir úr kvikmyndinni Slumdog Millionaire, var einstaklega töff.



**FALLEG LEIKKONA** Olivia Munn þykir ein glæsilegasta konan í Hollywood um þessar mundir. Hún var smart í svörtum kjól.

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

# -SUMARSALA-

ALLAR VÖRUR MEÐ 25% AFSLÆTTI AF OUTLETVERÐUM!

ALLT AÐ

# 80% AFSLÁTTUR

AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!*

NÝJAR VÖRUR Á ÚTSÖLU • ALLA DAGA • ATH!

FLOTTUR KLÆÐNAÐUR FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI SUMARSINS

Asics • Nike • Adidas • Didrikson • Champion • Roxy • Speedo • Seafolly • Arena
Zara • Jessi Girl • Levis • Lee • Wrangler • Boswell • Lindbergh • Shine • Sixmix •
Imac Bullboxer • Kaffe • Veto • B young • Oasis • All saints • Fransa • ... og fl.

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

*AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Raðandi - auglýsingastofa ehf

## Aníta fljótust allra í undanrásunum



**FRJÁLSAR** Aníta Hinriksdóttir byrjaði vel í undanrásum í 800 m hlaupi kvenna á HM U-17 sem fer nú fram í Donetsk í Úkraínu. Hún náði besta tíma dagsins er hún hljóp á 2:04,79 mínútum sem er þó rúmum fjórum sekúndum frá Íslandsmeti hennar.

Aníta keppir í undanúrslitum í dag en hún þykir meðal allra sigurstranglegustu keppenda greinarinnar, ekki síst þar sem hin bandaríska Mary Cain ákvað að taka ekki þátt í mótinu. Hún er sú eina sem hefur náð betri tíma í greininni á þessu ári í þessum aldursflokki.

Hilmar Örn Jónsson kastaði í sleggjukasti í gær og hafnaði í 17. sæti með kasti upp á 71,5 m.

Þá var einnig keppt á EM U-22 í Finnlandi í gær en Blake Thomas Jakobsson keppti í kringlukasti og kastaði 48,63 m. Hann hafnaði í 26. sæti. - esá

## Sögulegur árangur íslensku liðanna

**FÓTBOLTI** Öll íslensku liðin komust áfram í aðra umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA en síðari leikirnir fóru fram í gær. KR, ÍBV og Breiðablik höfðu öll betur gegn andstæðingum sínum en þetta er í fyrsta sinn síðan Ísland fékk þátttökurétt fyrir þrjú lið í keppninni að öll komist áfram.

Breiðablik kláraði skylduverkið gegn FC Santa Coloma í Andorra og vann samanlagt, 4-0, eftir markalaust jafntefli í gær. Þá vann KR afar sannfærandi sigur gegn Glentoran, 3-0, á útivelli en fyrri leikinn lauk með markalausu jafntefli.

Sigur ÍBV á HB í Færeyjum var öllu dramatískari en eftir 1-1 jafntefli í fyrri leiknum þurfti ÍBV mark á útivelli. Það kom úr vítaspyrnu á lokamínútum leiksins. Arnar Bragi Bergsson skoraði úr vítinu en hann lék í gær sinn fyrsta leik fyrir ÍBV.

„Þetta gerist varla sætara,“ sagði þjálfarinn Hermann Hreiðarsson. „Menn höfðu fulla trú á þessu og gáfu allt sem þeir áttu. Þá fá þeir verðlaunin sín á endanum.“

KR mætir belgíska liðinu Standard Liège í næstu umferð, Breiðablik leikur gegn Sturm Graz frá Austurríki og ÍBV við gamla stórveldið Rauðu stjörnuna frá Serbíu. - esá



**SIGUR Í BELFAST** Kjartan Henry Finnbogason í baráttu við leikmann Glentoran. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**EM KVENNA 2013**

**1-1** Katalin Kulcsár, Ungverjalandi

**Mörkin:** 1-0 Kristine Hegland (26.), 1-1 Margrét Lára Viðarsdóttir, víti (87.).

| **ÍSLAND (4-3-3):** | |
|---|---|
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | 7 |
| Dóra María Lárusdóttir | 6 |
| Sif Atladóttir | 6 |
| (62. Glódís Perla Viggósdóttir | 5) |
| Katrín Jónsdóttir | 7 |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | 7 |
| Fanndís Friðriksdóttir | 4 |
| (62. Harpa Þorsteinsdóttir | 6) |
| ***Sara Björk Gunnarsdóttir** | **8** |
| Dagný Brynjarsdóttir | 6 |
| (82. Katrín Ómarsdóttir | -) |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 7 |
| Rakel Hönnudóttir | 5 |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 6 |

**Skot (á mark):** 13-15 (4-9) **Horn**: 4-1

**Aukaspyrnur fengnar:** 11-5 **Rangstöður**: 4-2

**Varin skot:** Hjelmeseth 8 - Guðbjörg 3

### B-RIÐILL

**ÞÝSKALAND - HOLLAND** **0-0**

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | 1 | 0 | 1 | 0 | 1-1 | 1 |
| Noregur | 1 | 0 | 1 | 0 | 1-1 | 1 |
| Holland | 1 | 0 | 1 | 0 | 0-0 | 1 |
| Þýskaland | 1 | 0 | 1 | 0 | 0-0 | 1 |

### LEIKIR DAGSINS

**C-RIÐILL:**
**FRAKKLAND - RÚSSLAND** **KL. 16.00**
**ENGLAND - SPÁNN** **KL. 18.30**

## EVRÓPUDEILDIN

### FORKEPPNI, 1. UMFERÐ

**GLENTORAN - KR** **0-3**

0-1 Gary Martin (24.), 0-2 Jónas Guðni Sævarsson (65.), 0-3 Jónas Guðni Sævarsson (92.).

**KR** vann samanlagt, 3-0, og mætir Standard Liège frá Belgíu í 2. umferð.

**FC SANTA COLOMA - BREIÐABLIK** **0-0**

**Breiðablik** vann samanlagt, 4-0, og mætir Sturm Graz frá Austurríki í 2. umferð.

**HB - ÍBV** **0-1**

0-1 Arnar Bragi Bergsson, víti (90.).

**ÍBV** vann samanlagt, 2-1, og mætir Rauðu stjörnunni frá Serbíu í 2. umferð.

## PEPSIDEILDIN 2013

**2-1** **Stjörnuvöllur** Áhorf: 1.383 **Kristinn Jakobsson (6)**

**Mörkin:** 1-0 Halldór Orri Björnsson (25.), 1-1 Atli Guðnason (89.), 2-1 Gunnar Örn Jónsson (94.).

**STJARNAN (4-4-2):** Arnar Darri Pétursson 6 - Jóhann Laxdal 6, Martin Rauschenberg 6, Daníel Laxdal 6, Robert Sandnes 6 - Kennie Chopart 6, Michael Præst 6, Atli Jóhannsson 7, Halldór Orri Björnsson 8 - Veigar Páll Gunnarsson 6 (82. Gunnar Örn Jónsson -), Garðar Jóhannsson 5 (60. Tryggvi Sveinn Bjarnason 5).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 6 - Jón Ragnar Jónsson 6, Pétur Viðarsson 4, Freyr Bjarnason 5, Sam Tillen 6 - Dominic Furness 5 (43. Albert Brynjar Ingason 6), Björn Daníel Sverrisson 5, Emil Pálsson 5 - Ólafur Páll Snorrason 4 (60. Ingimundur Níels Óskarsson 5 ), Atli Guðnason 7, Kristján Gauti Emilsson 5 (75. Atli Viðar Björnsson -).

**Skot (á mark):** 14-11 (7-5) **Horn**: 5-4

**Aukaspyrnur fengnar:** 12-4 **Rangstöður**: 2-2

**Varin skot:** Arnar Darri 4 - Róbert Örn 5

### NÆSTU LEIKIR

**KEFLAVÍK - BREIÐABLIK** **SUN. KL. 16.00**
**ÞÓR - ÍBV** **SUN. KL. 16.00**
**FRAM - KR** **SUN. KL. 21.00**
**FYLKIR - ÍA** **MÁN. KL. 19.15**
**VALUR - VÍKINGUR Ó.** **MÁN. KL. 19.15**

# Ég skuldaði stelpunum þetta

Margrét Lára Viðarsdóttir tryggði Íslandi sögulegt stig í Kalmar í gær þegar hún skoraði jöfnunarmarkið gegn Noregi í gær. Hún bætti þar með fyrir vítið sem hún klúðraði í fyrsta leiknum á EM fyrir fjórum árum.

**EM KVENNA 2013**



Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is
Skrifar frá Svíþjóð

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar stigu sögulegt skref í gær í fyrsta leik sínum á EM í Svíþjóð. Íslenska liðið gerði þá 1-1 jafntefli við Noreg og liðið er því strax búið að gera betur á sínu öðru Evrópumóti en fyrir fjórum árum í Finnlandi þegar allir þrír leikirnir töpuðust.

Úrslitastund leiksins var vítaspyrna sem Sara Björk Gunnarsdóttir fékk fjórum mínútum fyrir leikslok. Á punktinn steig Margrét Lára Viðarsdóttir og skoraði af öryggi og hreinsaði hugann endanlega af fortíðardraugum.

**Fékk martraðir eftir vítaklikkið**

„Þetta víti er búið að sitja mikið í mér og mér fannst ég skulda stelpunum þetta. Ég var mjög miður mín eftir vítið á EM 2009 og ég grínast ekki þegar ég segi að ég hafi fengið martraðir um það nokkrum sinnum. Ég lét það ekki á mig fá og var bara mjög einbeitt,“ sagði Margét Lára Viðarsdóttir um vítaspyrnuna sem hún lét verja frá sér í 1-3 tapi á móti Frakklandi í fyrsta leik á EM 2009.

„Margrét Lára tók víti á móti Frakklandi í fyrsta leik fyrir fjórum árum og klikkaði. Hún hefur örugglega hugsað um það í einhverja mánuði á eftir. Það var virkilega ljúft að sjá hana setja boltann örugglega í netið. Hún sagði í viðtölum að hún þyrfti að kenna Svíunum hvernig ætti að taka vítin því þeir klúðruðu tveimur vítum á móti Dönum,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari íslenska liðsins. Margrét Lára lærði vissulega af mistökum Svíanna.

„Ég sá hvernig Svíarnir brugðust við vítaspyrnunum sem þær fengu í gær. Þær voru taugaveiklaðar þegar þær fóru á punktinn. Ég vissi að myndavélarnar væru á mér og ákvað að brosa og vera létt. Ég hef tekið víti á þessa stelpu áður. Ég er bara að hugsa ekki neitt og einbeita sér að því að njóta mómentsins. Þegar maður er kominn með svona mikla reynslu þá eru þetta mómentin sem maður vill fá. Ég hafði mjög gaman af þessu,“ sagði Margrét Lára. Sigurður Ragnar var ekki eins rólegur. „Ég var örugglega miklu stressaðari en hún. Hún leysti þetta ótrúlega vel,“ sagði Sigurður Ragnar.



**STÓÐ Í STRÖNGU** Hólmfríður Magnúsdóttir er hér í baráttu við hina norsku Maren Mjelde í leiknum í gær. Hólmfríður var lífleg í sóknarleik íslenska liðsins. NORDICPHOTOS/AFP

**Gott að koma til baka**

Íslenska liðið var í vandræðum í fyrri hálfleik en kom öflugt til baka og tók öll völd í seinni hálfleiknum.

„Þetta var slysalegt mark sem við fengum á okkur en við sýndum virkilega góðan karakter að koma til baka. Við erum á stórmóti og það er svolítið pressa á okkur. Mér fannst við sýna reynsluna í þessu liði. Fyrir fjórum árum hefðum við örugglega dottið í stress og ég er ekki viss um að við hefðum unnið okkur út þessum aðstæðum þá,“ sagði Margrét Lára og bætti við:

„Mér fannst við keyra yfir þær í seinni hálfleik, erum í miklu betra formi en þær og vorum að búa til flottar sóknir. Það vantaði svolítið að reka smiðshöggið á þetta en við vinnum í þeim þáttum núna. Vonandi getum við komið svolítið á óvart á móti Þjóðverjum,“ sagði markaskorarinn.

> **Ég grínast ekki þegar ég segi að ég hafi fengið martraðir um það nokkrum sinnum.**
>
> *Margrét Lára Viðarsdóttir*

Liðið tók mörg stór skref í gær að mati landsliðsþjálfarans. „Þetta var frábær seinni hálfleikur. Við fengum reyndar á okkur þetta mark í fyrri sem ég var ósáttur með en við unnum okkur inn í leikinn á móti góðu liði í lokakeppni. Þetta voru allt stór skref fyrir okkur,“ sagði Sigurður Ragnar.

# Hefði ekki verið ósanngjarnt að fá öll stigin

Sara Björk Gunnarsdóttir var valin besti maður vallarins af mótshöldurum á EM í Svíþjóð.

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir, miðjumaður íslenska liðsins, átti flottan leik í gær þegar íslensku stelpurnar náðu í sitt fyrsta stig á Evrópumóti í sögunni.

„Við erum rosalega ánægðar með þetta stig en við vildum að sjálfsögðu fá öll þrjú stigin í leiknum. Við erum samt sáttar með eitt stig,“ sagði Sara Björk Gunnarsdóttir, besti maður vallarins í gær. Eftir brösóttan fyrri hálfleik óx íslenska liðinu ásmegin.

„Við töluðum um það í hálfleiknum að við vorum með liðið of aftarlega og gerðum okkur þetta svolítið erfitt fyrir. Ég veit ekki hvort við vorum eitthvað stressaðar eða eitthvað. Við ákváðum að breyta þessu í seinni hálfleik og við gerðum það,“ sagði Sara Björk.

„Við komum fullar af sjálfstrausti inn í seinni hálfleikinn, vorum nær hvorri annarri, unnum fleiri bolta og sköpuðum fleiri færi,“ sagði Sara Björk.

„Mér fannst þær vera orðnar svolítið þreyttar í seinni hálfleik og þá keyrum við einmitt á þær. Við hefðum getað skorað fleiri mörk. Ég er ekki að segja að ég sé óánægð með eitt stig en það hefði ekki verið ósanngjarnt að fá öll þrjú stigin,“ sagði Sara.

„Ég er mjög ánægð með mína frammistöðu. Fyrir leikinn ákváðu allir leikmennirnir að gefa allt sitt og við gerðum það. Við syndum það inni á vellinum og það var allt skilið eftir á vellinum í dag,“ sagði Sara. En hvað með verðlaun sem hún fékk í leikslok?

„Það er heiður að fá þessi verðlaun en það sem skipti mig mestu máli var stigið sem við fengum,“ sagði Sara Björk. Hún fiskaði vítið sem skilaði jöfnunarmarkinu en var hún eitthvað að skipta sér af því hver tæki vítið? „Við vitum alveg að Margrét er vítaskyttan,“ sagði Sara, en var þetta víti? „Það held ég, enda sáum við þetta nokkrum sinnum í endursýningu,“ sagði Sara.

„Ég var búin að vera meira í varnarhlutverki en mér líður vel þegar ég fæ að fara eitthvað framar á völlinn til að reyna að búa eitthvað fyrir liðið,“ sagði Sara um hlaupið sem skilaði vítinu en tvö önnur hlaup höfðu komið henni í skotfæri í teignum.

„Þetta stig skiptir miklu máli það yrði frábært að ná í stig eða þrjú stig út úr næsta leik. Við erum komnar inn í mótið og það fylgir því mjög góð tilfinning að vera búnar að ná í fyrsta stigið á Evrópumóti,“ sagði Sara. - óój



**MAÐUR LEIKSINS** Sara Björk með viðurkenningu sína eftir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ



ENSKU STÓRLIÐIN
MÆTA TIL LEIKS Á NÝ
LAUGARDAG:
12:55 THAI XI–MAN. UTD.
Man. Utd. Tour 2013
13:55 PRESTON–LIVERPOOL
Sport 3 Liverpool Tour 2013
Standard Chartered
LFC
AON
BOLTINN RÚLLAR Á
STÖÐ 2 SPORT 2 Í JÚLÍ!
Það er nóg um að vera á Stöð 2 Sport 2 í júlí. Man. Utd. og Liverpool hefja tímabilið í Asíu og Ástralíu og sýnt verður beint frá stærstu leikjunum. Einnig verða sýndir flottir leikir með Arsenal, Tottenham og Man. City. Fylgstu með á Stöð 2 Sport 2 í sumar.
2 OZ
Horfðu á leikina hvar sem er og hvenær sem er með OZ-appinu
AUDI CUP
Man. City, Bayern München, AC Milan og Sao Paolo keppa á Allianz Arena í München.
EMIRATES CUP
Arsenal, Porto, Napoli og Galatasaray leika á hinu vinsæla Emirates-móti í London. Það má búast við hörkuviðureignum á hinum glæsilega Emirates-leikvangi.
GYLFI Í HONG KONG OG MÓNAKÓ
Man. City, Tottenham, Sunderland og South China FC mætast í Hong Kong. Tottenham heldur svo til Mónakó þar sem þeir leika við heimamenn í vináttuleik.
ENSKI BOLTINN MEÐ GUMMA BEN
Gummi Ben er með skemmtilega þætti alla virka daga klukkan 20:00 þar sem hann tekur fyrir nýtt lið í hverri viku. Spurningaþátturinn Manstu er svo á dagskrá í vikulok.
FÍTON / SÍA
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
2 SPORT 2 HD

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.05
### Besta svarið



Spurninga- og skemmtiþátturinn Besta svarið er á sínum stað á Stöð 2 í kvöld. Ragnhildur Gísladóttir mætir til Sveppa að þessu sinni ásamt þremur vinkonum sínum sem keppast við að svara spurningum um Röggu sem um leið varpa nýju ljósi á þessa frábæru söngkonu. Vinkonurnar eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir og Dóra Takefusa.

## Í KVÖLD



### Arrested Development

**STÖÐ 2 KL. 19.35** Fjórða þáttaröðin um hina stórskrítnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Michael tók við fjölskyldufyrirtækinu eftir að faðir hans var settur í fangelsi. En restin af fjölskyldunni gerir honum lífið leitt því hún er ekki í tengslum við raunveruleikann.

TV.COM 9,0 IMDb 9,2



### Family Guy

**SKJÁR 1 KL. 19.40** Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá einn. Peter Griffin og fjölskylda, ásamt hundinum Brian, búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.

TV.COM 8,9 IMDb 8,4



### Animal Practice

**RÚV KL. 20.45** Bandarísk gamanþáttaröð um dýralækninn George Coleman sem þykir afar vænt um dýrin en fyrirlítur gæludýraeigendur.

TV.COM 7,7 IMDb 5,4

## Rás 2 kl. 12.45
### Poppland



Meðal fastra dagskrárliða eru Tónlistarfréttir, Plötur vikunnar, Nýjasta tækni og vísindi, Einu sinni var, Nýjustu fréttir af Elvis og tunglinu, Bíóumfjöllun á þriðjudögum og fleira. Umsjónarmenn eru Ólafur Páll Gunnarsson og Matthías Már Magnússon.


FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



VILJUM GERA ALLT RÉTT

**Jói** og **Gugga** sem eitt sinn bjuggu á götunni eiga nú innihaldsríkt líf og gefandi. Þau hafa verið edrú í meira en tvö ár en segjast enn þurfa að vinna í batanum á hverjum einasta degi.

**Skipti óperunni út fyrir hestana**



**Hlín Pétursdóttir** söng við óperuhús í Þýskalandi í tíu ár en saknaði alltaf hestanna sinna og sneri að lokum heim til þeirra á kostnað ferilsins.

**Samrýndar en ólíkar**

Systurnar **Margrét Lára** og **Elísa Viðarsdætur** eru samherjar í íslenska kvennalandsliðinu sem stendur nú í ströngu á EM í fótbolta. Móðir þeirra, Guðmunda Bjarnadóttir, segir systurnar samrýndar en ólíkar, innan vallar sem utan.



FRÉTTABLAÐIÐ
Ómissandi hluti af góðri helgi
Skaftahlíð 24
105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401
visir.is


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In the Middle** *(22:22)*
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** *(28:175)*
**10.15** **Fairly Legal** *(4:10)*
**11.00** **Drop Dead Diva** *(13:13)*
**11.50** **The Mentalist** *(8:22)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Gray Matters**
**14.35** **Extreme Makeover: Home Edition** *(10:25)*
**15.20** **Leðurblökumaðurinn**
**16.10** **Waybuloo**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(14:22)*
**18.23** **Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Simpson-fjölskyldan** *(22:22)*
**19.35** **Arrested Development** *(5:15)*
**20.05** **Besta svarið** *(5:8)* Frábær spurninga- og skemmtiþáttur sem hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, stýrir af einstakri snilld. Í hverjum þætti mætir einn þjóðþekktur gestur til leiks og keppendur eru þrír: vinir eða ættingjar gestsins. Keppendurnir eiga að svara afar fjölbreyttum spurningum um gestinn og keppast um að vera með besta svarið hverju sinni.
**20.50** **The Pursuit of Happyness** Sérstaklega átakanleg og sannsöguleg kvikmynd um einstæðan föður sem þráir heitast af öllu að tryggja syni sínum öruggt líf. Hann starfar sem sölumaður en hefur átt erfitt uppdráttar.
**22.45** **Your Highness** Bráðfyndin gamanmynd um prinsinn Fabious sem leggur upp í frægðarför ásamt letiblóðinu bróður sínum til að frelsa eiginkonu sína úr fjötrum illskeytts galdramanns. En það er bara byrjunin á vandræðunum. Með aðalhlutverk fara Danny McBride, Natalie Portman, James Franco og Zooey Deschanel.
**00.25** **Death Sentence**
**02.10** **Anamorph**
**04.00** **Gray Matters**
**05.35** **Simpson-fjölskyldan** *(22:22)*
**06.00** **Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00** **Friends** *(14:24)*
**19.25** **Two and a Half Men** *(7:24)*
**19.45** **Simpson-fjölskyldan** *(18:22)*
**20.10** **The O.C.** *(12:27)*
**20.55** **Holidate** *(5:10)*
**21.40** **Holidate** *(6:10)*
**22.25** **Crusoe** *(13:13)*
**23.10** **Breakout Kings** *(5:13)*
**23.55** **Breakout Kings** *(6:13)*
**00.40** **The O.C.** *(12:27)*
**01.25** **Holidate** *(5:10)*
**02.10** **Holidate** *(6:10)*
**02.55** **Crusoe** *(13:13)*
**03.40** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Motoring
**21.30** Eldað með Holta

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Stjarnan - FH**
**15.50** **Stjarnan - FH**
**17.40** **Sumarmótin 2013**
**18.25** **Oldham - Liverpool**
**20.10** **NBA** Skemmtilegur þáttur um körfuboltahetjuna Charles Barkley.
**21.00** **Miami - San Antonio**
**22.50** **Man. City - Leeds**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.45** **Tottenham - Everton**
**19.30** **PL Classic Matches. Tottenham - Newcastle, 1994**
**20.00** **Manstu**
**20.45** **West Ham - Tottenham**
**22.30** **Manstu**
**23.15** **Inter - Tottenham - 20.10.10**
**23.45** **Tottenham - Sunderland**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Brunabílarnir **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Hvolpurinn Scooby-Doo **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Histeria! **11.05** Doddi litli og Eyrnastór **11.15** Latibær (**7:18**) **11.35** Lalli **11.40** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.15** Svampur Sveinsson **12.35** Dóra könnuður **13.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.25** Strumparnir **13.45** Waybuloo **14.05** Hvolpurinn Scooby-Doo **14.30** Áfram Diego, áfram! **14.55** Histeria! **15.20** Doddi litli og Eyrnastór **15.30** Latibær (**7:18**) **15.50** Lalli **15.55** Lalli **16.00** Refurinn Pablo **16.05** Litlu Tommi og Jenni **16.30** Svampur Sveinsson **16.50** Dóra könnuður **17.15** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.40** Strumparnir **18.00** Waybuloo **18.20** Hvolpurinn Scooby-Doo **18.45** Áfram Diego, áfram! **19.05** Histeria! **19.25** Doddi litli og Eyrnastór **19.35** Latibær (**7:18**)

## GULL

**20.00** **Það var lagið**
**21.10** **A Touch of Frost**
**22.55** **Monk** *(4:12)*
**23.40** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(3:7)*
**00.05** **Það var lagið** Einn
**01.15** **A Touch of Frost**
**03.00** **Monk** *(4:12)*
**03.45** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(3:7)*
**04.10** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**09.10** **The Women**
**11.05** **Gentlemen Prefer Blondes**
**12.35** **Space Chimps 2 Zartog Strikes Back**
**13.50** **Margin Call**
**15.35** **The Women**
**17.30** **Gentlemen Prefer Blondes**
**19.00** **Space Chimps 2 Zartog Strikes Back**
**20.15** **Margin Call**
**22.00** **Bad Teacher**
**23.30** **Beyond A Reasonable Doubt**
**01.15** **Normal Adolescent Behaviour**
**02.50** **Bad Teacher**

## RÚV

**15.00** **Ástareldur**
**15.50** **EM kvenna í fótbolta** *(Frakkland-Rússland)* **BEINT**
**17.50** **Unnar og vinur** *(13:26)*
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Hið sæta sumarlíf** *(3:6)*
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Gunnar á völlum** Í þáttunum Gunnar á völlum fara þeir Gunnar Sigurðarson og Fannar Sveinsson um víðan völl og skoða það markverðasta sem er að gerast í íslenskri knattspyrnu.
**19.45** **Áhöfnin á Húna** *(6:9)* Bein útsending frá Stykkishólmi. Húni II. siglir í kringum landið í júlí og Áhöfnin rokkar í hverri höfn.
**20.45** **Dýralæknirinn** *(5:9) (Animal Practice)* Bandarísk gamanþáttaröð.
**21.10** **Lewis – Nöðrukyn** *(Lewis VI: Generation of Vipers)* Bresk sakamálamynd.
**22.45** **Brynvarinn** *(Armored)* Nýráðinn vörður hjá öryggisflutningafyrirtæki lendir í hremmingum eftir að hann lætur til leiðast að taka þátt í ráni. Meðal leikenda eru Matt Dillon, Jean Reno, Laurence Fishburne, Fred Ward, Milo Ventimiglia, Skeet Ulrich og Columbus Short. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.15** **Aulaboðið** *(Dinner for Schmucks)*
**02.05** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**15.50** **EM-kvenna í knattspyrnu** *(Frakkland-Rússland)*
**17.50** **EM-kvenna í knattspyrnu** *(Þýskaland-Holland) (e)*
**19.50** **EM-kvenna í knattspyrnu** *(Frakkland-Rússland)*
**21.40** **Bronsið í Austurríki** Í þættinum er rifjuð upp frammistaða íslenska karlalandsliðsins í handbolta á EM í Austurríki árið 2010.

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Dr.Phil**
**08.45** **Pepsi MAX tónlist**
**13.25** **The Voice** *(3:13)*
**15.25** **The Good Wife** *(2:22)*
**16.10** **How to be a Gentleman** *(9:9)*
**16.35** **The Office** *(14:24)*
**17.00** **Royal Pains** *(10:16)*
**17.45** **Dr. Phil**
**18.30** **Minute To Win It**
**19.15** **The Ricky Gervais Show** *(12:13)* Bráðfyndin teiknimyndasería.
**19.40** **Family Guy** *(12:22)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá einn.
**20.05** **America's Funniest Home Videos**
**20.30** **The Biggest Loser** *(3:19)* Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný.
**22.00** **Rocky III** Bandarísk kvikmynd frá árinu 1982. Rocky þarf nú að berjast við ungan mann sem hefur getið sér gott orð í hringnum. Aðalhlutverk eru í höndum Sylvester Stallone og Mr. T.

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America
**09.00** John Deere Classic **2013** *(1:4)*
**12.00** PGA Tour - Highlights *(26:45)*
**12.55** John Deere Classic **2013** *(1:4)*
**16.00** John Deere Classic **2013** *(1:4)*
**19.00** John Deere Classic **2013** *(2:4)*
**22.00** The Open Championship Official Film **1989**
**23.00** The Open Championship Official Film **1990**
**00.00** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Kjúklingur

## Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS


Eldaður kjúklingur u.þ.b 1100 gr

Steiktur heill fulleldaður **kjúklingur**

KALDUR **898** KR.STK



Kjörfugls kjúklingur heill ferskur

**759** KR.KG



Kjörfugls ferskir kjúklingavængir

**275** KR.KG




Kjörfugls ferskir kjúklingaleggir

**695** KR.KG



Kjörfugls ferskar kjúklingabringur

**1995** KR.KG




Euroshopper frosnar kjúklingabringur 900g

**1579** KR.PK

AFGREIÐSLUTÍMI
**LAUGARDAGUR**
**10:00-18:00**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

HELGIN



**„Ég er í Þýskalandi með fjölskyldu minni, í München í sól og hita. Ætli maður fari ekki og syndi í einhverjum af þessum fallegu vötnum sem hér eru og skellum okkur í Legoland.“**

Nína Dögg Filuppusdóttir leikkona.

# Innipúkinn tekur á sig mynd

Aðaldagskráin fer fram á Faktorý sem brátt heyrir sögunni til.

Tónlistarhátíðin Innipúkinn verður haldin um verslunarmannahelgina eins og hefð er fyrir. Í ár verður hátíðin haldin á þremur stöðum en aðaldagskráin mun fara fram á skemmtistaðnum Faktorý sem senn verður lokað. Það eru Diljá Ámundadóttir og Steinþór Helgi Arnþórsson sem standa að skipulagningu Innipúkans en að sögn Diljár er hátíðin vinsæl hjá fólki sem af einhverjum ástæðum fer ekki út úr bænum þessa helgi.

„Þetta er svona hátíð fyrir fólk sem vill ekki gista í tjaldi og stelpur sem vilja heldur vera í háhæluðum skóm, klæða sig í kjól og setja á sig naglakakk en vera í pollagalla.“ Eins og fyrr segir mun hátíðin fara fram á þremur stöðum að þessu sinni. Faktorý verður með tónlistardagskrá á föstudeginum og laugardeginum en einnig er planið að endurvekja gamla Rykkrokk og hafa tónleika snemma á laugardagskvöldinu í Fellagörðum. Á meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni í ár eru Valdimar, Steed Lord og Þórunn Antonía.

„Þetta verður mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Auk þess að vera með dagskrá á Faktorý, þar sem hægt verður að opna út í Hjartagarð og sitja með teppi og, ef fólk vill, fá smá útilegustemningu í bland við frábæra tónleika í Fellagörðum, verður fjölskylduball á nýja reitnum hjá Vitatorginu. Þar verður grillað og hljómsveitin Magga Stína og Hringir koma fram. Nú vonum við bara að veðurguðirnir verði í sólskinsskapi,“ segir Diljá að lokum. - hó



**FYRIR FÓLK SEM NENNIR EKKI Í ÚTILEGU** Þau Diljá Ámundadóttir og Steinþór Helgi Arnþórsson eru skipuleggjendur Innipúkans í ár. MYND/ARNÞÓR






**ALLIR ERU VELKOMNIR** Páll segir að öllum sé velkomið að kíkja til hans á stofuna, næg séu bílastæðin. Viðskiptavinir geta einnig fengið ráðgjöf alla virka daga á milli klukkan 12 og 13 og klukkan 18 og 19. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Opnar fyrstu tattústofuna í Breiðholti

Páll Ásgeirsson hefur opnað tattústofuna Classic Tattoo í Neðra-Breiðholti. Hann segir kostinn við staðsetninguna þann að nóg sé til af bílastæðum.

„Ég leitaði lengi að húsnæði í 101 en fann ekkert sem hentaði. Svo bauðst mér þessi staður á mínum gömlu bernskuslóðum svo ég sló til,“ segir Páll Ásgeirsson, sem opnað hefur húðflúrstofuna Classic Tattoo í Breiðholtinu. Páll hefur starfað sem húðflúrari í fimmtán ár og bjó síðustu fjögur ár í Gautaborg þar sem hann rak sína eigin stofu. Nú er hann kominn aftur heim í Breiðholtið. „Stofan er hérna beint fyrir framan blokkina sem ég ólst upp í þegar ég var strákur, sem er einstaklega skemmtilegt.“

Páll missti annað augað í slysi þegar hann var tveggja ára. Hann segir að það hafi þó aldrei angrað sig. „Þegar eitt skynfæri hverfur eða hættir að virka, þá eykst virkni annarra skynfæra. Þetta hefur aldrei haft nein áhrif á mig eða vinnuna, enda þekki ég ekkert annað,“ segir hann, og bætir við að hann sé haldinn ákveðinni fullkomnunaráráttu. „Þegar ég vann í unglingavinnunni þá sópaði ég gangstéttina svo vel að það var eins og biskupinn eða forsetinn væru á leiðinni. Þeir gengu þó aldrei þessar blessuðu gangstéttir. Ég hef alltaf átt það til að vanda mig of mikið.“ Páll skartar sjálfur fjölda húðflúra en fyrsta húðflúrið fékk hann 17 ára gamall. „Það var árið 1989. Í raun mörgum árum áður en þetta varð virkilega vinsælt.“ Classic Tattoo býður viðskiptavinum sínum upp á sérstakt tilboð í tilefni opnunarinnar en býður þar að auki upp á skemmtilega nýjung. „Viðskiptavinir okkar geta komið og fengið ráðgjöf hjá húðflúrara á milli klukkan 12 og 13 og klukkan 18 og 19, alla virka daga. Vandamálið hefur nefnilega oft verið það að fólk kemur inn á húðflúrstofur og flúrarinn er upptekinn þegar viðkomandi kemur inn. Hann getur þar af leiðandi ekki aðstoðað,“ segir Páll.

Með þessu fyrirkomulagi skapast því bæði vinnufriður fyrir húðflúrarann og tími fyrir viðskiptavininn. „Svo má nú ekki gleyma því að stofan mín er sú eina sem getur boðið upp á almennileg bílastæði,“ segir Páll í léttum dúr og áréttar að allir séu velkomnir til hans.

kristjana@frettabladid.is

# Selja frá sér flíkur og fylgihluti

Manuela Ósk Harðardóttir og Sara Lind Pálsdóttir selja föt í Kolaportinu um helgina

„Ég ákvað að létta aðeins á fataskápnum fyrir veturinn en föt eru svo mikið áhugamál hjá mér og skáparnir fyllast því á engum tíma. Svo er bara skemmtileg stemning í miðbænum á sumrin og því frábært að gera þetta núna,“ segir Manuela Ósk, en hún mun selja mikið af vandaðri merkjavöru, fylgihlutum og skóm í Kolaportinu um helgina ásamt vinkonu sinni Söru Lind Pálsdóttur. Manuela segist selja föt úr fataskápnum sínum einu sinni á ári og hvetur fólk til að mæta í Kolaportið á laugardag eða sunnudag, þar sem vinkonurnar eru með bás 3G. Mörg þekkt fatamerki verða í boði, þar á meðal Sonia Rykiel og Dolce & Gabbana. Sara Lind Pálsdóttir er eigandi verslunarinnar Júník í Smáralind og mun einnig vera með mikið úrval af fallegum flíkum sem margar hverjar má einnig finna í versluninni. - mmm



**FLOTTAR VINKONUR** Þær Manuela Ósk og Sara Lind kynntust fyrir stuttu. Þær hafa brennandi áhuga á tísku og flottum flíkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÞÚ SPARAR 2.000 KR.**

Vnr. 50632105
MR GRILL ferðagasgrill, grillflötur 30x37 cm, efri grind, hitadreifiplata. Þrýstijafnari og slanga fylgja. Hægt að nota við flestar gerðir gaskúta. 2,6 kW.

**7.990 kr.**

FULLT VERÐ: 9.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 1.000 KR.**

Vnr. 88015952
3 manna tjald.

**4.990 kr.**

FULLT VERÐ: 5.990 kr.

ALLT Á AÐ
SELJAST
LAGERHREINSUN

# LAGER-HREINSUN Á SUMARVÖRUM

facebook.com/BYKO.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



**ÞÚ SPARAR 1.000 KR.**

Vnr. 88015974
Svefnpoki, -5°, 200x80 cm.

**3.990 kr.**

FULLT VERÐ: 4.990 kr.



Vnr. 88015966
Tjalddýna, 200x

**590 kr.**

FULLT VERÐ: 690 kr.



**ÞÚ SPARAR 5.000 KR.**

Vnr. 87991509
Tvær gashellur, 50 bar

**8.990 kr.**

FULLT VERÐ: 12.990 kr.





**ÞÚ SPARAR 300 KR.**

Vnr. 42331387-9
Ein nota hnífapör, plast, hnífar gafflar eða skeiðar, 80 stk.

**390 kr.**

FULLT VERÐ: 690 kr.

**ÞÚ SPARAR 400 KR.**

Vnr. 42330938
Pappa kaffimál, 50 stk, 25 cl.

**790 kr.**

FULLT VERÐ: 1.190 kr.





Vnr. 49980781
Uppkveikjilögur 1 l

**490 kr.**

FULLT VERÐ: 590 kr.





Vnr. 50604231
Viðarkol 2 kg.

**390 kr.**

FULLT VERÐ: 690 kr.



Vnr. 88098157-8
Viðarkol 2 kg.

**1.390 kr.**

FULLT VERÐ: 1.490 kr.

**ÞÚ SPARAR 5.000 KR.**





Vnr. 87977170
Kælibox á hjólum með rafmagni, 12 V, E40,

**18.990 kr.**

FULLT VERÐ: 23.990 kr.





Vnr. 87741450
Kælibox, 25 l.

**2.690 kr.**

FULLT VERÐ: 2.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ofviðrið í Þýskalandi

Leikarinn og leikstjórinn **Gísli Örn Garðarsson** er um þessar mundir í München í Þýskalandi ásamt fjölskyldu sinni en þar vinnur hann fyrir leikhúsið Residenz Theater við að leikstýra Shakespeare-leikritinu Ofviðrið. Fleiri Íslendingar koma að uppsetningu leikritsins en það eru þeir Börkur Jónsson, Björn Helgason og Filippía Elísdóttir búningahönnuður, en þýskir leikarar fara með öll hlutverkin í verkinu. Ofviðrið var frumsýnt í Borgarleikhúsinu árið 2010 en því var lýst sem einstakri leikhúsveislu sem rambar á mörkum drauma og veruleika.

**- mmm**



### Marta María hleypur hálft maraþon fyrir soninn

**Marta María Jónasdóttir** fjölmiðlakona ætlar að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í ár. Hún hleypur til styrktar Duchenne-samtökunum, sem sonur hennar tilheyrir, en samtökin voru stofnuð til að efla þekkingu og safna fé til rannsókna á vöðvarýrnunarsjúkdómi. „Nú verður ekki aftur snúið. Smáhesturinn er búinn að skrá sig í hálft maraþon 24. ágúst. Nú treysti ég á að áheitin mokist inn frá ykkur öllum! Koma svo!“ segir Marta María á Facebooksíðu sinni.



## Mest lesið vísir

1 Skólastjórinn verður að skólaliða í haust
2 Appið má ekki heita Strætó
3 Ósáttir feðgar
4 Banna sölu á mentolsígarettum
5 Hilmari Björnssyni sagt upp
6 Lýst eftir Sindra Þór Ragnarssyni





# Gerðu kröfur – Tempur stenst þær!

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR




## Stillanlegt og þægilegt!

## Tempur® Original heilsurúm

Charlotte Julien
Dream your world™

Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

**Þráðlaus fjarstýring**



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 3 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

**C&J PLATINIUM STILLANLEGT**
með Tempur Original dýnu
Verðdæmi 2x80x200 cm
Verð kr. ~~690.900~~
**Kr. 559.900** á afslætti
Þú sparar kr. 139.000

**Fæst einnig í stærðunum**
2x80x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 48.456 kr. á mán.

Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

**TEMPUR ORIGINAL HEILSURÚM**
Verðdæmi 160x200 cm
Verð kr. ~~371.900~~
**Kr. 316.115** á afsætti
Þú sparar kr. 55.785

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 27.430 kr. á mán.

**TEMPUR ORIGINAL HEILSURÚM**
Verðdæmi 180x200 cm
Verð kr. ~~414.800~~
**Kr. 352.580** áafsætti
Þú sparar kr. 62.229

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 30.575 kr. á mán.

**Lingen** svefnsófi
**TILBOÐ AÐEINS Kr. 99.000**
Verð áður 123.750



Góð svampdýna
Breidd: 200 cm
Dýpt: 120 cm




TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN
Fyrir alla í fjölskyldunni

**25% afsláttur af Tempur Traditional**




**Senseo** 2ja sæta svefnsófi
**TILBOÐ Kr. 267.800**
Verð áður 412.000,-

Breidd: 187 cm Dýpt: 95 cm
Heilsudýna: 140x200 cm
Fæst einnig breiðari og með tungu.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

www.betrabak.is

**Betra BAK**
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16